

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

FINNBJÖRG



Lítill bók um málfræði og stafsetningu

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.



Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.
Svaraðu öllum skriflegum verkefnum í vinnubók.


Skóli		Bók nr.		
		Tekin í notkun		
Nemandi/bekkur	Útlán: (dags.)	Ástand	Skil: (dags.)	Ástand

- 1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
- 2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

Finnbjörg

Ítil bók um málfræði og stafsetningu



MENNTAMÁLASTOFNUN

Finnbjörg – lítil bók um málfræði og stafsetningu

ISBN 978-9979-0-2268-8

© 2008 Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

© 2008 teikningar Ingimar Ó. Waage

Ritstjóri Ingólfur Steinsson

Fyrsta útgáfa 2008

önnur prentun 2010

þriðja prentun 2018

fjórða prentun 2021

MENNTAMÁLASTOFNUN

Kópavogi

Öll afritun óheimil.

Umbrot og útlit: Halldór B. Kristjánsson

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

EFNISYFIRLIT

Gott að vita um Finnbjörgu	5	2. Nafnorð	22
Hvernig nýtist Finnbjörg?	6	1. Sérnöfn og samnöfn	22
FYRSTI KAFLI		2. Veik og sterk beyging nafnorða ..	23
Bókstafir og hljóð	7	3. Lýsingarorð	24
1. Stafrófið	7	4. Fornöfn	25
2. Sérhljóð og samhljóð	8	5. Töluorð	26
3. Atkvæði	8	6. Greinir	28
4. Hljóðbreytingar	9	7. Sagnorð	29
		1. Nafnháttur	30
ANNAR KAFLI		2. Tíð	30
Orðhlutar og orðmyndun	10	3. Persóna og tala	31
1. Rót	10	4. Veikar og sterkar sagnir	31
2. Forskeyti	11	5. Kennimyndir	32
3. Viðskeyti	11	8. Óbeygjanleg orð	33
4. Stofn	12	9. Atviksorð	33
5. Beygingarending	13	10. Forsetningar	34
6. Samsett orð og ósamsett	13	11. Samtengingar	35
7. Nýyrði	14	12. Nafnháttarmerki	35
		13. Upphrópanir	35
ÞRIÐJI KAFLI		Flæðirit til orðflokkgreiningar	36
Orðflokkar	15	FJÓRÐI KAFLI	
Dæmi um orðflokkgreiningu	16	Setningafræði	37
1. Fallorð	17	1. Efnisgrein	37
1. Fallbeyging	17	2. Málsgrein	37
2. Hjálparorð	17	3. Setning	37
3. Sambeyging	18	4. Bein ræða og óbein	38
4. Vandbeygð orð	19	FIMMTI KAFLI	
5. Fallbeyging mannanafna	19	Um orð og merkingu	39
6. Eintala og fleirtala	20	1. Samheiti	39
7. Kyn orða	21	2. Andheiti	39
8. Orðabækur	21		

EFNISYFIRLIT

3. Hlutstæð orð og óhlutstæð	40	13. Eitt orð eða tvö	60
4. Margræð orð	40	14. Forsetningarnar að og af	61
5. Víðtæk orð og sértæk	41		
6. Málshættir og orðtök	41	SJÖUNDI KAFLI	
7. Málfar	42	Greinarmerki	62
		1. Punktur	62
SJÖTTI KAFLI		2. Komma	63
Stafsetning	43	3. Tvípunktur	63
1. Stafsetningarreglur	43	4. Gæsalappir	63
2. Stór stafur og lítill	44	5. Spurningarmerki	64
3. Um stafavíxl og nauðsyn þess að		6. Upphrópunarmerki	64
gæta að stofni orða	46	7. Svigi og bugða	64
4. Einfaldur eða tvöfaldur samhljóði	47	8. Skipting orða milli lína	65
5. Sérhljóðar á undan ng og nk	48		
6. Um g	49	ÁTTUNDI KAFLI	
7. Um j, je og é	50	Skammstafanir	66
8. Um f og v	51	Almennar skammstafanir	66
9. Um hv- og kv-	52	Skammstafanir í málfræði	67
10. Um gs, ks og x	53	Nokkur heilræði við ritun og	
11. Um n og nn í endingum orða	54	stafsetningu	67
12. Um y, ý og ey	57	Skilgreiningar	68
Skrá yfir nokkur samhljóða orð með		Stuðningsrit	72
i og y, í og ý, ei og ey	58		

GOTT AÐ VITA UM FINNBJÖRGU

Finnbjörg er svolítið óvenjuleg kennslubók um málfræði og stafsetningu vegna þess að í henni eru engin verkefni. Í stað þeirra er að finna yfirlit yfir reglur og útskýringar á þeim. Til þess að auðvelda þér að skilja reglurnar eru sýnd ýmis dæmi um hvernig má nota þær.

Í fyrri hluta **Finnbjargar** er fjallað um málfræði. Í seinni hlutanum er fjallað um stafsetningu og greinarmarki. Málfræði- og stafsetningarreglur eru misflóknar. Sumar þeirra kanntu áreiðanlega nú þegar. Aðrar áttu eftir að læra smám saman eftir því sem líður á skólagöngu þína.



Um öll tungumál gilda ýmsar reglur, sumar flóknar en aðrar einfaldar. Málfræði er safn af mismunandi reglum sem lýsa því hvernig tungumál er notað. Þótt sömu reglur gildi ekki í neinum tveimur tungumálum eru þær oft svipaðar í skyldum málum eins og ensku, dönsku og íslensku.

Reglur um stafsetningu eru öðruvísi en reglur um málfræði. Þær reglur sem nú eru í gildi eru frá árinu 1918 og hafa lítið breyst frá þeim tíma. Fram að því höfðu ekki gilt neinar samræmdar reglur um stafsetningu og gátu menn í raun skrifað eins og þá lysti.

Tilgangurinn með því að læra um reglur í málfræði og stafsetningu er margs konar. Í fyrsta lagi má nefna að nauðsynlegt er að skilja reglur um eigið tungumál og að læra að beita þeim. Í öðru lagi er skilningur á eigin tungumáli mikilvægur til þess að geta lært önnur tungumál.

Finnbjörg er einkum ætluð nemendum á miðstigi grunnskólans. Bækurnar *Málfinnur* og *Skrifinnur* fjalla um svipað efni en þær eru ætlaðar nemendum á unglingsstigi.

Öllum þeim sem komu að þessu verki eru færðar bestu þakkir fyrir.


Hafnarfirði á þorra 2008
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

HVERNIG NÝTIST FINNBJÖRG?

Finnbjörg getur komið að gagni á margan hátt. Hægt er að nota hana sem uppflöttirit þegar þú vinnur verkefni í öðrum bókum. Hún getur líka nýst til að rifja upp ýmis atriði sem til dæmis þarf að kunna skil á í prófum. Svo er hægt að lesa hana sér til ánægju án þess að vinna nokkur verkefni.

Tillögur um notkun

1. Skoðaðu efnisyfirlitið.
2. Teldu hvað þú kannast við mörg atriði í efnisyfirlitinu.
3. Flettu blaðsíðunum og skoðaðu t.d. fyrisagnir.
4. Flettu upp nokkrum atriðum sem þú kannast ekki við og athugaðu hvort þú finnur skýringu á þeim.
5. Reyndu að leggja á minnið ýmislegt sem fram kemur í bókinni.
6. Skráðu hjá þér atriði sem þú vilt muna, t.d. í stílabók eða á blað sem þú getur geymt á góðum stað.
7. Biddu einhvern að útskýra það sem þú skilur ekki.
8. Útskýrðu fyrir öðrum það sem þú skilur.
9. Flettu upp í bókinni atriðum sem þig vantar skýringu á, t.d. til að leysa ákveðin verkefni eða þegar þú skrifar þinn eigin texta.



- sérhljóð
- samhljóð
- atkvæði
- stafrófið
- orðhlutar
- rót
- viðskeyti
- forskeyti
- stofn
- beygingarending
- samsett orð
- nýyrði
- tökuorð
- orðflokkar
- fallorð
- fallbeyging
- hjálparorð
- sambeyging
- eintala
- fleirtala
- kyn
- nafnorð
- sérnöfn
- samnöfn
- lýsingarorð
- stigbreyting
- fornöfn
- töluorð
- greinir
- sagnorð
- nafnháttur
- tíð
- persóna
- kennimyndir
- óbeygjanleg orð
- atviksorð
- forsetningar
- samtengingar
- nafnháttarmerki
- upphrópanir
- efnisgrein
- málsgrein
- setning
- andheiti
- samheiti
- margræð orð
- hlutstæð orð
- óhlutstæð orð
- víðtæk orð
- sértæk orð
- orðtak
- málsháttur

Aefingjin skapar meistarann!

BÓKSTAFIR OG HLJÓÐ

1. STAFRÓFIÐ



Bókstafir eru hljóðtákn. Það merkir að þeir tákna ákveðin hljóð í tungumálinu. Þeim er raðað saman og þannig búin til ýmis orð í ritmáli eða talmáli. Í íslensku eru 32 bókstafir en auk þeirra eru fjórir bókstafir sem einkum eru notaðir í erlendum orðum, það eru *c*, *q*, *w* og *z*.

Stafurinn *z* var hluti af stafrófinu til ársins 1973. Þá var hann tekinn út til að einfalda stafsetningu. Stafirnir *c*, *q* og *w* tilheyra heldur ekki íslenska stafrófinu. Þessir stafir koma þó oft fyrir í málinu, m.a. í nöfnum sem Íslendingar bera, t.d. *Cýrus*, *Zophonias* og *Willum*.

Þegar orðum er raðað í stafrófsröð er þeim raðað eftir röð bókstafanna í stafrófsvísunum. Ef fleiri en eitt orð hefjast á sama staf er raðað eftir öðrum stafnum í orðinu og svo koll af kolli.

Dæmi

Alda, Anna, Arna, Arnar, Arnbjörg, Arnþór, Arnþrúður



Gott
að
vita

STAFRÓFIÐ

a á b c d ð e é f g h i í j k l m n o ó p q r s t u ú v w x y ý z þ æ ö

2. SÉRHLJÓÐ OG SAMHLJÓÐ

Hljóðum er skipt í **sérhljóð** og **samhljóð**.

Sérhljóð eru mynduð með opnum munn. Loftstraumurinn kemst því út um munnholið án þess að eitthvað þrengi að. Stundum er sagt að sérhljóðarnir geti sagt nafnið sitt sjálfir. Ekki er hægt að mynda orð án sérhljóða.

Sérhljóðin eru: *a, e, í (y), í (ý), o, u, ú, ö, ei, ey, æ, au, á, ó.*

Sérhljóð skiptast í **einhljóð** og **tvíhljóð**. Tvíhljóð eru samsett úr tveimur einhljóðum og draga þau nafn sitt af því. Með því að segja hratt hljóðin *ö* og *í* (öi) heyrir til dæmis vel hvernig tvíhljóðið *au* myndast.

einhljóð

a, e, í (y), í (ý), o, u, ö, ú

tvíhljóð


au (ö+i), á (a+ú), ei/ey (e+i), ó (o+ú), æ (a+i)

Samhljóð myndast þegar þrengr er að loftstraumnum út um munninn eða nefið. Stundum er lokað fyrir hann augnablik.

Samhljóðin eru: *b, d, ð, f, g, h, j, k, l, m, n, p, r, s, t, v, x, þ*

**Gott
að
vita**

Þeir bókstafir sem notaðir eru til að tákna tvíhljóðin, auk stafanna *í, ý, ú*, eru oft kallaðir **breiðir sérhljóðar**. Hins vegar eru *í, y, e, u, ö, o* og *a* oft kallaðir **grannir sérhljóðar**.



3. ATKVÆÐI

Orð eru mynduð úr einu eða fleiri atkvæðum. Í hverju atkvæði er alltaf einn sérhljóði en mismunandi margir samhljóðar. Stundum er enginn samhljóði.

Dæmi

Orð með einu atkvæði: *á, ást, bók, hár, hús, ís, ljós*

Orð með tveimur atkvæðum: *drengur, flaska, kona, lykill, sjónvarp*

Orð með þremur atkvæðum: *hamingja, íslenska, tungumál*

Orð með fjórum atkvæðum: *útlendingur, útvarpsstjóri, vetrarkuldi*

Orð með fimm atkvæðum: *flugstjórasæti, kvikmyndahátíð, vetrarfátnaður*

Orð með sex atkvæðum: *grunnskólanemandi, kvikmyndaleikari, kafarabúningur*

4. HLJÓÐBREYTINGAR

Algengt er að sérhljóð í stofni orða breytist. Slíkar breytingar eru kallaðar **hljóðbreytingar**. Það gerist til dæmis:

Þegar breytt er um fall:	Hér býr amma .	Ég fór til ömmu .	a – ö
Þegar breytt er um tölu:	Þetta er sonur minn.	Hvað heita synir þínir?	o – y
Þegar breytt er um tíð:	Afi bjó hér.	Þú býrð þarna.	jó – ý

Hljóðbreytingarnar fara eftir ákveðnum reglum sem getur komið sér vel að þekkja til þess að skilja hvernig orð eru skyld hvert öðru. Slík þekking nýtist meðal annars í stafsetningu.

Algengustu hljóðbreytingarnar kallast **hljóðvarp**, **klofning** og **hljóðskipti**.

Yfirlit yfir helstu hljóðbreytingar

i-hljóðvarp

o – y	sonur – synir
u – y	þunnur – þynnri
ju – y	þjuggum – byggi
ú – ý	hús – hýsa
jó – ý	ljós – lýsa
jú – ý	djúpur – dýpi
au – ey	hraustur – hreysti
a – e	vanur – venja
á – æ	þráður – þræða
ó – æ	fór – færi
e – i	verð – virði

hljóðskipti

í – ei – i – i	bíta beit bitum bitið
jó – au – u – o	hrjóta hraut hrutum hrotið
jú – au – u – o	ljúga laug lugum logið
e – a – u – o	bresta brast brustum brostið
e – a – á – u	nema nam námum numið
o – a – á – o	sofa svaf sváfum sofið
e – a – á – e	gefa gaf gáfum gefið
i – a – á – e	sitja sat sátum setið
a – ó – ó – a	fara fór fórum farið

u-hljóðvarp

a – ö	kalla – köllum
a – u	sumar – sumur

klofning

e – ja eða jö	eta – jata – jötunn
i – ja eða jö	kilir – kjalar – kjölur

Rifjaðu upp

HLJÓÐ
OG
STAFIR

bókstafir
stafróf
rítmál

talmál
sérhljóð
samhljóð

einhljóð
tvíhljóð
breiðir sérhljóðar

grannir sérhljóðar
atkvæði
hljóðbreytingar

ORÐHLUTAR OG ORÐMYNDUN

Sá hluti orðs sem hefur ákveðna merkingu eða hlutverk er kallaður orðhluti. Sum orð eru aðeins búin til úr einum orðhluta en önnur úr mörgum.

Orð með einum orðhluta: á, ást, börn, rós, sól, ský, úr, við

Orð með mörgum orðhlutum: bil•un•in, fing•ur•inn, kon•ung•ur, ör•þreytt•ir

Orð sem leidd eru af orðstofnum sem til eru í málinu eru kölluð **afleidd orð**.

Afleidd orð af söginni fara: för, ferð, farangur, ófarir, tilfærsla

1. RÓT

Þegar orð eru búin til úr sömu rót er talað um **skyldleika** þeirra. Þannig eru orðin *gleði*, *gleðja* og *gladur* náskyld hvert öðru af því að þau hafa öll sömu rót. Það á við um mörg orð, til dæmis orðin *kenna*, *kennsla*, *kennari*, *kanna*, *kunna*, *kenning* og *könnun*.

Þótt orðin *sól* og *sunna*, *máni* og *tungl* hafi skylda merkingu er ekki talað um skyldleika þeirra á milli. Það er vegna þess að þau hafa ekki sömu rót.

Öll orð hafa orðhluta sem kallast **rót**. Rótin er sá hluti orðs sem ber merkinguna. Þess vegna er sagt að hún sé merkingarkjarni orðs. Við rótina má bæta orðhlutum, ýmist fyrir framan eða aftan. Það er til dæmis gert þegar búin eru til ný orð í tungumálinu.


Sum orð eru bara mynduð með einni rót: ferð, hús, mjór, mús, rós

Sum orð eru mynduð úr tveimur rótum: bað•kar, bíl•skúr, hús•bíll, sjón•varp

Stundum breytist rótin: far – för, lús – lýs, mamm•a – mömm•u, mús – mýs

Orðhluti fyrir framan rótina: van•trú, ó•frísk

Orðhluti fyrir aftan rótina: trú•leg, frísk•leg



2. FORSKEYTI

Oft er settur orðhluti fyrir framan rótina til þess að mynda ný orð. Sá orðhluti kallast **forskeyti**. Helstu **forskeyti** eru: *al-*, *and-*, *-for-*, *mis-*, *ó-*, *tor-*, *van-*, og *ör-*.

al- al•heimur, al•vara, al•vitur

and- and•stæðingur, and•mæla, and•vaka

for- for•dómur, for•nafn, for•vitni

mis- mis•munur, mis•stór, mis•tök

ó- ó•læti, ó•skýr, ó•sköp

tor- tor•skilinn, tor•tryggni, tor•veldur

van- van•búinn, van•skapaður, van•trú

ör- ör•lög, ör•tröð, ör•yggi

Yfirleitt er aðeins eitt forskeyti á undan rótinni. Nokkur orð hafa þó tvö forskeyti, t.d. *ó•á•nægja*, *ó•á•byrgur*.

3. VIÐSKEYTI

Oft er settur orðhluti fyrir aftan rótina til að mynda ný orð. Sá orðhluti kallast **viðskeyti**. Til eru mörg viðskeyti en þau algengustu eru líklega *-ari*, *-legur*, *-ling* og *-un*.

-aður aldr•aður

-andi gef•andi

-ari bak•ari

-ing setn•ing

-legur skemmti•legur

-lingur dýr•lingur

-óttur fjöll•óttur

-un rit•un

hug•aður, kjark•aður, kvef•aður

leiðbein•andi, nem•andi, send•andi

meist•ari, múr•ari, rak•ari


lagn•ing, rign•ing, setn•ing

góð•legur, illi•legur, leiðin•legur

kett•lingur, kið•lingur, vett•lingur

hjólbein•óttur, skræp•óttur, sköll•óttur

skoð•un, versl•un, ætl•un



**Gott
að
vita**

Orð sem leidd eru af orðstofnum sem til eru í málinu eru kölluð **afleidd orð**. Orðin **kunnáttu**, **ókunnug**, **kennari**, **kennsla** og **könnun** eru til dæmis öll leidd af sögninni **kenna**.

4. STOFN

Sama orð getur haft mismunandi beygingarmyndir. Þær koma fram þegar orð er fallbeygt, breytt er um tölu þess eða tíð. Ákveðinn hluti orðsins helst samt stöðugur í allri beygingu. Sá hluti er kallaður **stofn**. Sérhljóð í stofninum taka stundum breytingum sem fara eftir ákveðnum reglum.

Með því að finna stofn orða er oft auðveldara að sjá hvernig á að stafsetja orðið rétt. Röð stafanna í stofninum helst t.d. alltaf óbreytt.

Margar beygingarmyndir – sami stofninn

köttur: köttur, kött, ketti, kattar, kettir, ketti, köttum, katta	● stofninn er kött
tefla: tefla, tefldi, tefit, teflir, teflum, teflið, tefdu, tefli, teflum	● stofninn er tefl

Stofn nafnorða
finnst í þolfalli
eintölu.



Stofninn sýnir
hvernig rétt er að
stafsetja
orðið, þ.e. tvö l í
stofninum, tvö l í allri
beygingunni.

GÓÐ
LEIÐ
TIL
AÐ
FINNA
**S
T
O
F
N**

1. **Stofn sagnorða** kemur fram með því að setja orðið **að** fyrir framan sögnina:
að gyll•a að horf•a að kepp•a að rign•a að sigl•a

2. **Stofn lýsingarorða** kemur m.a. fram í kvenkyni, eintölu, nefnifalli. Gott er að nota hjálparorðin **hún er**:

hún er:	bein•t	grunn•t	ill•t	sleip•t
	bein	grunn	ill	sleip

3. **Stofn sterkra nafnorða** kemur fram í þolfalli, eintölu með hjálparorðinu **um**:

þf.et. um:	hvamm•ur	kapp	Pál•i	stein•n
	hvamm	kapp	Pál	stein

4. **Stofn veikra nafnorða** kemur fram með því að taka beygingarendingu frá:

	boll•i	sím•i	tal•a	virð•i
--	--------	-------	-------	--------

DÆMI UM STOFN

1. Stofninn helst óbreyttur í beygingu nafnorða:

hér er barn	hér er hest•ur	hér er hund•ur	hér er úlp•a
um barn	um hest	um hund	um úlp•u
frá barn•i	frá hest•i	frá hund•i	frá úlp•u
til barn•s	til hest•s	til hund•s	til úlp•u

2. Hljóðbreytingar í stofni í beygingu nafnorða:

hér er fjörð•ur	hér er kött•ur	hér er son•ur	hér er task•a
um fjörð	um kött	um son	um tösk•u
frá firð•i	frá kett•i	frá syn•i	frá tösk•u
til fjarð•ar	til katt•ar	til son•ar	til tösk•u

3. Stofninn helst óbreyttur í beygingu sagnorða:

rign•a rign•di rign•t tefl•a tefl•di tefl•t

4. Hljóðbreytingar í stofni í beygingu sagnorða:

bít•a beit bit•um skín•a skein skin•um



5. BEYGINGARENDING

Sá orðhluti sem er bætt við stofninn til þess að sýna mismunandi beygingarmyndir orðsins er kallaður **beygingarending**. Þær helstu tákna *kyn*, *fall*, *tölu* og *persónu*:

beygingarendingin í orðinu	dag•s	táknar	eignarfall, eintölu
beygingarendingin í orðinu	vin•um	”	þágufall, fleirtölu
beygingarendingin í orðinu	góð•ur	”	nefnifall, eintölu, karlkyn
beygingarendingin í orðinu	les•um	”	1. persónu, fleirtölu

6. SAMSETT ORÐ OG ÓSAMSETT

Orð eru kölluð **samsett** ef þau eru gerð úr tveimur eða fleiri rótum eða þegar tveir eða fleiri orðstofnar eru settir saman. **Ósamsett** orð hafa aðeins eina rót.

ósamsett orð	<i>bíll, hús, kennari, kofi, maður, ófærð</i>
samsett orð	<i>flugvél, skákmót, stílabók, sundlaug, tölvuborð</i>

7. NÝYRÐI

Þegar þörf er á að finna nýtt orð yfir einhvern hlut eða fyrirbæri sem ekki var til áður er búið til nýtt orð, þ.e. **nýyrði**. Flest nýyrði eru búin til með rót orða sem mynda kjarna íslenskunnar. Þá er jafnvel bætt við rótina forskeyti eða viðskeyti.

Stundum eru nýyrðin **tökuorð**, þ.e. þau eru fengin að láni úr öðrum málum. Það á til dæmis við um orðin *kirkja*, *prestur* og *altari* sem öll eru gömul tökuorð í málinu. Nýrri tökuorð eru til dæmis *bill* og *bremsur*.

Einstaka sinnum fá gömul orð í málinu, sem ekki eru notuð lengur, nýja merkingu. Þau eru þá kölluð **nýmerking**. Þetta á til dæmis við um orðin *pæla*, *sími* og *skjár*. Orðið *pæla* merkti áður að stinga upp mold, *sími* merkti þráður og *skjár* gluggi.

Við nýyrðasmíð er algengt að búa til samsett orð úr tveimur eða fleiri stofnum. Þannig voru til dæmis orðin *tölvupóstur* og *geislaspilari* búin til. Nýyrði frá 19. og 20. öld eru t.d. *farfugl*, *fíkniefni*, *flugvél*, *framfærslu-vísitala*, *geisladiskur*, *gróðurhús*, *hitabelti*, *röttækur*, *sjónvarp*, *þota*, *þyrla*, *togari* og *vélsmíðja*.

Ósamsett nýyrði: tölva, þota, þyrla

Samsett nýyrði: húsbíll, lyklaborð, myndlykill

Tökuorð: adressa, batterí, gardína

Nýmerking: þulur, pæla, skjár

Öll orð í málinu eru greind í flokka eftir einkennum sínum. Sum



Rifjaðu upp

ORÐHLUTAR
OG
ORÐMYNDUN

orðhluti
samsett orð
rót

forskeyti
viðskeyti
stofn

beygingarending
samsett orð
ósamsett orð

nýyrði
tökuorð
nýmerking

ORÐFLOKKAR



orð fallbeygjast og bæta við sig greini, önnur tákna tölu eða upphæð og sum geta staðið í mismunandi tíðum, þ.e. nútíð eða þátíð.

Orðflokkarnir eru alls ellefu. Þeir eru misstórir. Flokkur nafnorða er t.d. mjög stór og einnig sagnorða og lýsingarorða. Töluorðin og samtengingar eru mun færri. Tveir minnstu orðflokkarnir innihalda aðeins eitt orð hvor!

Orðflokkunum ellefu er gjarnan skipt í þrjá hópa; **fallorð**, **sagnorð** og **óbeygjanleg orð**. Fallorð fallbeygjast, sagnorð beygjast í tíðum en óbeygjanleg orð hvorki fall- né tíðbeygjast.

Fallorð

orð sem fallbeygjast

- * nafnorð
- * lýsingarorð
- * fornöfn
- * töluorð
- * greinir

Sagnorð


orð sem tíðbeygjast

- * sagnorð

Óbeygjanleg orð

orð sem hvorki fallbeygjast né tíðbeygjast

- * atviksorð
- * forsetningar
- * samtengingar
- * nafnháttamerki
- * upphrópanir




Dæmi um
orðflokkagreiningu

ORÐ	ORÐFLOKKUR
<i>Guðný</i>	nafnorð
<i>frænka</i>	nafnorð
<i>mín</i>	fornafn
<i>er</i>	sagnorð
<i>tólf</i>	töluorð
<i>ára.</i>	nafnorð
<i>Áðan</i>	atviksorð
<i>fékk</i>	sagnorð
<i>hún</i>	fornafn
<i>mjög</i>	atviksorð
<i>slæma</i>	lýsingarorð
<i>tannpínu</i>	nafnorð
<i>og</i>	samtenging
<i>þurfti</i>	sagnorð
<i>að</i>	nafnháttamerki
<i>fara</i>	sagnorð
<i>til</i>	forsetning
<i>tannlæknis.</i>	nafnorð

Bláu orðin eru fallorð.

Grænu orðin eru sagnorð.

Rauðu orðin eru óbeygjanleg orð.



SKAMMSTAFANIR
ORÐFLOKKANNA

nafnorð	<i>no.</i>
lýsingarorð	<i>lo.</i>
fornafn	<i>fn.</i>
töluorð	<i>to.</i>
greinir	<i>gr.</i>
sagnorð	<i>so.</i>
atviksorð	<i>ao.</i>
forsetning	<i>fs.</i>
samtenging	<i>st.</i>
nafnháttamerki	<i>nhm.</i>
upphrópun	<i>uh.</i>

1. FALLORÐ

* NAFNORÐ * LÝSINGARORÐ * FORNÖFN * TÖLUORÐ * GREINIR

1. Fallbeyging

Orð sem geta beygst í föllum kallast fallorð. Föllin eru fjögur. Aðalfallið er kallað **nefnifall** en aukaföllin þrjú **þolfall**, **þágufall** og **eignarfall**.

Oft eru fallorð eins í tveimur eða fleiri föllum. Örfá fallorð eru eins í öllum föllum í eintölu, t.d. orðin *auga*, *lunga* og *ævi*.

2. Hjálparorð

Hjálparorðin **hér er**, **um**, **frá**, og **til** eru notuð til þess að finna föll fallorða. Þegar orð eru eins í tveimur eða fleiri föllum getur verið gott að setja annað orð í staðinn fyrir vafaorðið. Algengt er að nota orðið *hestur* eða *Páll* vegna þess að þau hafa mismunandi mynd í hverju falli.

nefnifall	hér er	hestur
þolfall	um	hest
þágufall	frá	hesti
eignarfall	til	hests

Jón (hestur ■ nf.) horfði á Boggu (hest ■ þf.) grafa holu (hest ■ þf.) í sandinn (hestinn ■ þf.). Þeim brá þegar þau sáu augu (hest ■ þf.) og síðan munn (hest ■ þf.) og nef (hest ■ þf.). Bogga (hestur ■ nf.) gróf dýpra og í ljós (hest ■ þf.) kom höfuð (hestur ■ nf.) á dýri (hesti ■ þgf.). „Þetta er sandskrímsli (hestur ■ nf.),“ hrópaði Jón (hestur ■ nf.).

nefnifall	HJÁLPARORÐ	hér er	köttur	kaka	borð	Sverrir	tveir	AÐALFALL
þolfall		um	kött	köku	borð	Sverri	tvo	
þágufall		frá	ketti	köku	borði	Sverri	tveim	AUKAFÖLL
eignarfall		til	kattar	köku	borðs	Sverris	tveggja	

3. Sambeyging

Þegar tvö eða fleiri orð fallbeygjast saman er það kallað **sambeyging**. Þá eru orðin í sama falli og sömu tölu. Stundum fallbeygjast tvö orð saman, stundum fleiri.

öll orðin í nefnifalli eintölu
 öll orðin í þolfalli eintölu
 öll orðin í þágufalli eintölu
 öll orðin í eignarfalli eintölu

Hér er **þessi litli fallegi ormur**.
 Ég skrifaði um **þennan litla fallega orm**.
 Hún sagði frá **þessum litla fallega ormi**.
 Það hefur ekkert sést til **þessa litla fallega orms**.

öll orðin í nefnifalli eintölu
 öll orðin í þolfalli eintölu
 öll orðin í þágufalli eintölu
 öll orðin í eignarfalli eintölu


Hér er **Bogga Bjarney Bjarnadóttir**
 Um **Boggu Bjarneyju Bjarnadóttur**
 Frá **Boggu Bjarneyju Bjarnadóttur**
 Til **Boggu Bjarneyjar Bjarnadóttur**

EINTALA

		lo. + no.		lo. + no.		to. + no.
nefnifall	<i>hér er</i>	gamall hestur	<i>hér er</i>	þeytt mús	<i>hér er</i>	ein stelpa
þolfall	<i>um</i>	gamlan hest	<i>um</i>	þeytta mús	<i>um</i>	eina stelpu
þágufall	<i>frá</i>	gömlum hesti	<i>frá</i>	þeyttri mús	<i>frá</i>	einni stelpu
eignarfall	<i>til</i>	gamals hests	<i>til</i>	þeyttrar músar	<i>til</i>	einnar stelpu

FLEIRTALA

		lo. + no.		lo. + no.		to. + no.
nefnifall	<i>hér eru</i>	gamlir hestar	<i>hér eru</i>	þeyttar mýs	<i>hér eru</i>	tvær stelpur
þolfall	<i>um</i>	gamla hesta	<i>um</i>	þeyttar mýs	<i>um</i>	tvær stelpur
þágufall	<i>frá</i>	gömlum hestum	<i>frá</i>	þeyttum músum	<i>frá</i>	tveimur stelpum
eignarfall	<i>til</i>	gamalla hesta	<i>til</i>	þeyttra músa	<i>til</i>	tveggja stelpna



4. Vandbeygð orð

Sum nafnorð eru vandbeygð og getur verið gott að leggja beygingu þeirra á minnið. Það á t.d. við um eftirfarandi orð:

nefnifall	kýr	ær	faðir	bróðir	fé	himinn	hönd	vetur
þolfall	kú	á	föður	bróður	fé	himin	hönd	vetur
þágufall	kú	á	föður	bróður	fé	himni	hendi	vetri
eignarfall	kýr	ær	föður	bróður	fjár	himins	handar	vetrar

Stundum getur verið nauðsynlegt að fletta upp í orðabókum til að sjá hvernig orð fallbeygjast.

5. Fallbeyging mannanafna

Fallbeyging mannanafna getur verið svolítið flókin, ekki síst þegar nöfnin eru sjaldgæf. Þegar fólk ber tvö nöfn þarf að gæta þess að beygja þau bæði.

Hér er Laufey Björg	um Laufeyju Björgu	frá Laufeyju Björgu	til Laufeyjar Bjargar
Hér er Jón Erlingur	um Jón Erling	frá Jóni Erlingi	til Jóns Erlings
Hér er Sverrir Páll	um Sverri Pál	frá Sverri Páli	til Sverris Páls

Nokkur vandbeygð mannanöfn

6. Eintala og fleirtala

NEFNIFALL	ÞOLFALL	ÞÁGUFALL	EIGNARFALL
<i>hér er</i>	<i>um</i>	<i>frá</i>	<i>til</i>
Birkir	Birki	Birki	Birkis
Björk	Björk	Björk	Bjarkar
Brá	Brá	Brá	Brár
Diljá	Diljá	Diljá	Diljár
Hjörtur	Hjört	Hirti	Hjartar
Jökull	Jökul	Jökli	Jökuls
Sigrún	Sigrúnu	Sigrúnu	Sigrúnar
Styrmi	Styrmi	Styrmi	Styrmis
Þöll	Þöll	Þöll	Þallar
Örn	Örn	Erni	Arnar

Hægt er að fletta upp beygingum á orðum, hvort sem það eru mannanöfn eða önnur orð, á síðunni *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*: <http://www.lexis.hi.is/beygingarlýsing/>

Í íslensku eru tvær tölur, **eintala** og **fleirtala**. Flest nafnorð hafa mismunandi form eftir því hvort þau standa í eintölu eða fleirtölu, til dæmis *bók* og *bækur*. Stundum eru nafnorð eins í báðum tölum, til dæmis orðin *blóm*, *borð*, *hús*, *ljóð*, *ljós*, og *mús*.

Sum nafnorð eru aðeins til í eintölu og önnur aðeins í fleirtölu, þau orð eru oft kölluð **eintöluorð** og **fleirtöluorð**.

HJÁLPARORÐ

Til að finna út tölu nafnorða er gott að setja orðin **einn**, **ein** og **eitt** eða **margir**, **margar** og **mörg** fyrir framan vafaorðið.

EINTALA

eitt blað
ein fluga
eitt hús
ein kaka
einn maður
einn steinn

FLEIRTALA

mörg blöð
margar flugur
mörg hús
margar kökur
margir menn
margir steinar

EINTÖLUORÐ

ánægja, forvitni, fólk,
gleði, hamingja, hatur,
mjólk, sykur, verð

FLEIRTÖLUORÐ

buxur, dyr, jól, landamæri,
skilaboð, skæri,
tónleikar, trúarbrögð



Ef töluorðin *einn*, *tveir*, *þrír* eða *fjórir* eru notuð með fleirtöluorðum er sagt t.d. *einar buxur*, *tvenn skæri*, *þrennar dyr*, *fern skilaboð*, *þrennir tónleikar*, *tvenn landamæri* o.s.frv.



7. Kyn orða

Kyn orða eru þrjú, **karlkyn**, **kvenkyn** og **hvorugkyn**. Nafnorð hafa fast kyn. Það merkir að þau eru karlkynsorð, kvenkynsorð eða hvorugkynsorð. Önnur fallorð hafa mismunandi kyn vegna þess að þau laga sig að því orði sem þau standa með. Í orðabókum eru lýsingarorð alltaf skráð í karlkyni.

karlkyns nafnorð	blár bíll	lítil strákur	stórir hestar
kvenkyns nafnorð	blá úlpa	lítil stelpa	stórar kindur
hvorugkyns nafnorð	blátt band	lítið barn	stór lömb



karlkyn
hann maturinn
álfur, diskur, fiskur, gaffall, hnífur, ís, köttur, lækur, ostur, penni, rjómi, skápur, spegill, vegur, þungi


kvenkyn
hún súpan
ást, ánægja, gleði, hilla, hurð, kaka, kýr, kæfa, mjólk, mús, rófa, saga, skál, skeið, súpa, tölva, ýsa, þreyta

hvorugkyn
það barnið
afkvæmi, auga, álegg, blað, brauð, dýr, egg, epli, fat, ferðalag, grjót, herbergi, hjarta, kál, smjör, vatn

8. Orðabækur

Margar gerðir af orðabókum eru til um íslenskt mál. Í sumum þeirra er að finna upplýsingar um kyn orða, beygingu þeirra og einnig hvaða orðflokki þau tilheyra.

Til þess að spara plássíð í orðabókunum eru notaðar skammstafanir sem eru stundum styttri en venjulegar skammstafanir. Þá stendur til dæmis aðeins **H** í stað **hk.**, **KV** í stað **kvk.** og **K** í stað **kk**. Oft eru gefnar upp endingar orða, t.d. stendur **afi**, **-a**, **-ar** **K**. Það segir okkur að orðið **afi** er karlkynsorð sem í eignarfalli eintölu er **afa** og í fleirtölu nefnifalli **afar**. Þessar beygingamyndir eru kallaðar **kenniföll**.



Rifjaðu upp

FALL-ORÐ	fallorð aðalfall aukaföll	kenniföll sambeyging eintala	eintöluorð fleirtala fleirtöluorð	karlkyn kvenkyn hvorugkyn
-----------------	---------------------------------	------------------------------------	---	---------------------------------

2. NAFNORÐ

Nafnorð eru nöfn eða heiti einhvers, t.d. *ást, blóm, haf, jól, sandur, skóli, Snati, sól*. Þeim er skipt í **sérnöfn** og **samnöfn**. Sum nafnorð geta verið ýmist sérnöfn eða samnöfn eftir því í hvaða samhengi þau eru notuð, t.d. í setningunni *Ég gaf Rós rós*.

- Nafnorð fallbeygjast.
- Nafnorð bæta við sig greini.
- Nafnorðum er skipt í sérnöfn og samnöfn.
- Sérnöfn eru skrifuð með stórum staf.

1. Sérnöfn og samnöfn

Sérnöfn eru nöfn eða heiti einstaklinga, hluta eða fyrirbæra. Þau eru skrifuð með stórum staf, eru oftast notuð í eintölu og bæta sjaldan við sig greini. Einstaka sinnum er greinirinn þó hluti af sérnafninu, til dæmis *Morgunblaðið, Þjóðleikhúsið* og *Tunglið*.

Dæmi

Bogga, Hekla, Norðurland, Páll, Vatnajökull, Þorláksmessa

Samnöfn eru sameiginleg heiti á hlutum eða fyrirbærum. Þau eru skrifuð með litlum staf og við þau má bæta greini.

Dæmi

blóm, hestur, jól, páskar, regnbogi, strákur



SKOÐAÐU
TEXTANN

2. Veik og sterk beyging nafnorða

Nafnorð fallbeygjast eins og önnur fallorð. Þegar orð endar á sérhljóða í öllum aukaföllum í eintölu er sagt að beygingin sé **veik**. Þegar orð endar á samhljóða í eignarfalli eintölu er sagt að beygingin sé **sterk**.

orð með veikri beygingu

skófla	hola	tölva
skófl <u>u</u>	hol <u>u</u>	tölv <u>u</u>
skófl <u>u</u>	hol <u>u</u>	tölv <u>u</u>
skófl <u>u</u>	hol <u>u</u>	tölv <u>u</u>

orð með sterkri beygingu

hestur	bók	barn
hest	bók	barn
hesti	bók	barni
hests	bók <u>ar</u>	barns

NAFNORÐ

Krakkarnir léku sér í fjörunni fram á kvöld. Þeir grófu holur og byggðu kastala úr sandi. Litlir smásteinar og smáblóm prýddu kastalagarðinn, skeljar og kuðungar fengu nýtt hlutverk. Bogga og Jón voru bæði þakin í sandi. Sandurinn var alls staðar, undir nöglunum, innan á fötunum, í andlitinu og hárinu.

Rifjaðu upp

NAFNORÐ

kyn	karlkyn kvenkyn hvorugkyn
tala	eintala fleirtala
fall	nefnifall þolfall þágufall eignarfall
beyging	veik sterk
annað	sérnafn samnafn



3. LÝSINGARORÐ

Lýsingarorð lýsa hlutum, verum eða fyrirbærum. Þau standa oft með nafnorðum og lýsa þeim nánar.

- Lýsingarorð fallbeygjast.
- Lýsingarorð geta stigbreyst.
- Lýsingarorð standa í mismunandi kyni og tölu.

Hér er einn **gulur** bíll.

Lýsingarorðið stendur í karlkyni eintölu.

Hér eru tveir **gulir** pennar.

Lýsingarorðið stendur í karlkyni fleirtölu.

Hér eru fjórar **gular** dósir.

Lýsingarorðið stendur í kvenkyni fleirtölu.

Hér er ein **gul** flaska.

Lýsingarorðið stendur í kvenkyni eintölu.

Rifjaðu upp

LÝSINGARORÐ

kyn | karlkyn
| kvenkyn
| hvorugkyn

tala | eintala
| fleirtala

fall | nefnifall
| þolfall
| þágufall
| eignarfall

stig | frumstig
| miðstig
| efsta stig

beyging | veik
| sterk

1. Stigbreyting

Lýsingarorð eru einu fallorðin sem geta **stigbreyst**, t.d. *mjúkur*, *mýkri*, *mýkstur*. Stigbreytingin sýnir meðal annars samanburð ólíkra persóna, dýra eða hluta. Stigin heita **frumstig**, **miðstig** og **efsta stig**.

Í orðabókum standa lýsingarorð alltaf í frumstigi. Miðstig og efsta stig eru mynduð með því að bæta endingu við stofninn. Stundum eiga sér stað hljóðbreytingar í stofninum í stigbreytingunni. Í óreglulegri stigbreytingu hefur lýsingarorðið fleiri en einn stofn.

**regluleg
stigbreyting**

frumstig

þreyttur
kaldur
djúpur

miðstig

þreyttari
kaldari
dýpri

efsta stig

þreyttastur
kaldastur
dýpstur

**óregluleg
stigbreyting**

góður
lífill
vondur

betri
minni
verri

bestur
minnstur
verstur

SKOÐAÐU
TEXTANN

LÝSINGARORÐ

Jón vildi grafa **djúpar** holur í **svartan** sandinn en Bogga var orðin **þreytt**. Skóflan hennar var bæði **gömul** og **léleg**. Jón sagðist ætla að kaupa **nýja** og **stærri** skóflu handa henni. Þeim fannst ekkert **skemmtilegra** en að leika sér í fjörunni. Stundum sátu þau í **blautum** sandinum og horfðu á **himinhár** öldurnar sem báru **fallega** smásteina upp á **hvítan** sandinn.

4. FORNÖFN

Fornöfn eru fallorð sem koma oftast í staðinn fyrir nafnorð eða vísa til nafnorða. Stundum eru þau notuð til að komast hjá endurtekningum.

Dæmi Þetta er *Stefán*. *Stefán* er fjórtán ára. Þetta er *Stefán*. **Hann** er fjórtán ára.
Hvar eru *krakkarnir*? *Krakkarnir* eru hér. Hvar eru *krakkarnir*? **Þeir** eru hér.

- Fornöfn fallbeygjast eins og önnur fallorð.
- Fornöfn eru til í eintölu og fleirtölu.
- Fornöfn bæta hvorki við sig greini né stigbreytast.
- Fornöfn eru til í sex undirflokkum.

Undirflokkar fornafna

Fornöfnum er skipt í sex flokka. Flokkunin er byggð á hlutverki orðanna í setningum og merkingu þeirra. Sumum finnst gott að leggja nöfn fornafnanna á minnið með því að taka fyrsta stafinn í heiti þeirra og raða þeim í orð sem er reyndar algjör orðleysa, þ.e. **ásapóe**.

ábendingarfornöfn
spurnarfornöfn
afturbeygt fornafn

persónufornöfn
afturbeygt fornafn
eignarfornöfn
ábendingarfornöfn
spurnarfornöfn
óákveðin fornöfn

persónufornöfn
óákveðin fornöfn
eignarfornöfn

ég, þú, hann, hún, það
sig, (sér, sín)
minn, þinn, sinn, vor
sá, þessi, hinn
hver, hvor, hvaða, hvílikur
annar, fáeinir, enginn, neinn,
ýmis, báðir, sérhver,
hvorugur, sumur, hver (og) einn,
nokkur, einhver

Einnig: *allur, annar hvor, annar hver, annar tveggja, hvor tveggja, sjálfur, slíkur, samur (sami) og þvílíkur.*

Rifjaðu upp

FORNÖFN

kyn	karlkyn kvenkyn hvorugkyn
tala	eintala fleirtala
fall	nefnifall þolfall þágufall eignarfall
stig	frumstig miðstig efsta stig
undir- flokkar	ábendingarfornöfn spurnarfornöfn afturbeygt fornafn persónufornöfn óákveðin fornöfn eignarfornöfn



5. TÖLUORÐ

Töluorð tákna ákveðna upphæð, magn eða fjölda einhvers. Þau eru ýmist táknuð með bókstöfum eða tölustöfum.

- Töluorð geta fallbeygst.
- Töluorðum er skipt í frumtölur og raðtölur.



Töluorðum er skipt í **frumtölur** (*einn, tveir, þrír, þrettán, þrjátíu*) og **raðtölur** (*fyrsti, annar, þriðji, þrettándi, þrítugasti*). Aðeins fyrstu fjórar frumtölurnar geta fallbeygst og staðið í mismunandi kyni, það eru orðin *einn, tveir, þrír* og *fjórir*. Hin töluorðin eru alltaf eins í öllum föllum og öllum kynjum. Orðið sem þau eiga við ræður kyninu.

	karlkyn	kvenkyn	hvorugkyn
einn	<i>einn</i> strákur	<i>ein</i> stelpa	<i>eitt</i> barn
tveir	<i>tveir</i> strákar	<i>tvær</i> stelpur	<i>tvö</i> börn
þrír	<i>þrír</i> strákar	<i>þrjár</i> stelpur	<i>þrjú</i> börn
fjórir	<i>fjórir</i> strákar	<i>fjórar</i> stelpur	<i>fjögur</i> börn
fimm	<i>fimm</i> strákar	<i>fimm</i> stelpur	<i>fimm</i> börn

Raðtölur standa í mismunandi falli, kyni og tölu eftir því með hvaða orðum þau standa.

	karlkyn	kvenkyn	hvorugkyn
fyrsti	<i>fyrsti</i> maðurinn	<i>fyrsta</i> konan	<i>fyrsta</i> barnið
fimmti	<i>fimmti</i> maðurinn	<i>fimmta</i> konan	<i>fimmta</i> barnið
fimmtándi	<i>fimmtándi</i> maðurinn	<i>fimmtánda</i> konan	<i>fimmtánda</i> barnið

Gott að vita

Þegar raðtala er táknuð með tölustaf er settur punktur fyrir aftan hana. Mikilvægt er að muna eftir punktinum t.d. í dagsetningum, sbr. *25. janúar, 28. apríl, 1. júlí, 5. september, 21. nóvember* o.s.frv.

Ekki ætti að blanda saman tölustöfum og bókstöfum í orðum eins og *2ja, 3ja, 2svar, 3svar*. Nota skal bókstafi í stað tölustafa þegar kostur er. Ekki er gott að nota ýmist tölustafi eða bókstafi í sama texta, samanber: *Jón er tólf ára en Siggí er 9 ára*.

Rómverskar tölur

Rómverjar notuðu öðruvísi tölutákn en við. Þeir notuðu sjö tákn en við tíu. Táknin þeirra eru **I, V, X, L, C, D** og **M**.

Þegar táknunum er raðað saman er hæsta talan sett fremst og hinum bætt fyrir aftan. Ef lægri tala er á undan hærri tölu dregst hún frá.

I = 1	XI = 11	XXX = 30	CD = 400
II = 2	XII = 12	XL = 40	D = 500
III = 3	XIII = 13	L = 50	DC = 600
IV = 4	XIV = 14	LX = 60	DCC = 700
V = 5	XV = 15	LXX = 70	DCCC = 800
VI = 6	XVI = 16	LXXX = 80	CM = 900
VII = 7	XVII = 17	XC = 90	M = 1000
VIII = 8	XVIII = 18	C = 100	MM = 2000
IX = 9	XIX = 19	CC = 200	MMM = 3000
X = 10	XX = 20	CCC = 300	

Rifjaðu upp


TÖLUORÐ

kyn	karlkyn kvenkyn hvorugkyn
tala	eintala fleirtala
fall	nefnifall þolfall þágufall eignarfall
annað	frumtölur raðtölur rómverskar tölur

SKOÐAÐU TEXTANN

TÖLUORÐ

„Einn, tveir og þrír og svo hlaupum við út í,“ kallaði Jón. Bogga hikaði í tíu eða fimmtán sekúndur og stökk síðan á eftir honum. Sjórinn var ekki nema átján eða tuttugu gráður. Aðeins mátti sjá fjórar eða fimm hræður synða. Nokkrir reyndu þó að vaða og ein kona flaut á vindsæng. Dætur hennar tvær stóðu og fylgdust með.



6. GREINIR

Aðeins eitt orð tilheyrir orðflokki sem kallast **greinir**, það er orðið **hinn**. Hlutverk þess er að gera nafnorð ákveðin.

- Greinirinn fallbeygist eins og önnur fallorð.
- Greinirinn er til í eintölu og fleirtölu.
- Greinirinn er mismunandi eftir kyni.

Þegar greininum er skeytt aftan við orðið er talað um **viðskeyttan greini**. Viðskeyttur greinir telst ekki vera sjálfstætt orð. Þegar greinirinn stendur fyrir framan nafnorðið er talað um **lausan greini**.

Dæmi

karlkyn
kvenkyn
hverugkyn

laus greinir

Hinn heiti sandur.
Hin gula sól.
Hið bjarta veður.

viðskeyttur greinir

Heiti sandur*inn*.
Gula sól*in*.
Bjarta veðrið.

enginn greinir

Heitur sandur.
Gul sól.
Bjart veður.

SKOÐAÐU
TEXTANN


GREINIR

Með greini

Litli drengurinn sá dýrið liggja þarna í sandinum og tók til fótanna. Hann missti skóinn sinn í látunum.

Án greinis

Litill drengur sá dýr liggja í sandi og tók til fóta. Hann missti skó sinn í látum.



Rifjaðu upp

GREINIR

kyn
karlkyn
kvenkyn
hverugkyn

tala
eintala
fleirtala

fall
nefnifall
þolfall
þágufall
eignarfall

annað
laus greinir
viðskeyttur greinir

7. SAGNORÐ

Sagnorð eru stór og fjölbreyttur orðflokkur. Orð sem tilheyra honum eru stundum kölluð *sagnir*. Í hverri setningu er a.m.k. eitt sagnorð. Þekkja má sagnir með því að setja nafnháttarmerkið **að** fyrir framan þær, t.d. *að lesa, að fara, að sofa, að hrjóta*.

- **Sagnorð hafa nútíð og þátíð.**
- **Sagnorð breytast eftir persónum.**
- **Sagnorð beygjast í kennimyndum.**
- **Sagnorð geta stjórnað falli á fallorðum.**

Eitt helsta hlutverk **sagnorða** er að greina frá því sem gerist eða gerðist og lýsa því sem er eða var.

Dæmi

Bogga **fór** snemma að **sofa**. Hún **svaf** lengi og hana **dreymdi** mikið.

Eitt helsta einkenni sagnorða er að þau hafa tvær tíðir, **nútíð** og **þátíð**.

Dæmi

Bogga **sefur** núna. Hún **svaf** lítið í nótt.

Hvert sagnorð getur staðið í mörgum mismunandi myndum. Þau hafa líka mismunandi tölur og persónur.

Dæmi

Við afi **hrjótum** ekki en amma **hrýtur** oft. Við Steinn **hrutum** ekki. Í nótt **hraut** Bogga hátt. Þótt Bogga **hryti** var ömmu alveg sama. „Þú mátt alveg **hrjóta**,“ sagði hún. Þegar Bogga og Steinn voru þínulítill **hrutu** þau stundum.



1. Nafnháttur

Sagnir geta staðið í mörgum mismunandi myndum en sú mynd sem til dæmis er sýnd í orðabókum er kölluð **nafnháttur**. Nafnháttur þekktist á því að orðið **að** er sett fyrir framan sögnina. Stofn sagnorða finnst einmitt með því að setja sögnina í nafnhátt.

Dæmi

hann les / að lesa • við hlaupum / að hlaupa • ég kallaði / að kalla

Nafnhátturinn hentar vel til þess að finna út hvort skrifa á einfaldan eða tvöfaldan samhljóða eða hver röð stafanna í orðinu er.

kippti ■ að kippa
keppti ■ að keppa
teppti ■ að teppa
hreppti ■ að hreppa
klippti ■ að klippa
smellti ■ að smella

rigndi ■ að rigna
tefidi ■ að tefla
sprengdi ■ að sprengja
nefndi ■ að nefna
hringdi ■ að hringja
þurfti ■ að þurfa



2. Tíð

Tíðir sagna í íslensku eru tvær, **nú tíð** og **þá tíð**. Nú tíð lýsir því sem er að gerast, gerist oft eða á eftir að gerast. Þá tíð lýsir því sem er liðið. Allar sagnir geta tíðbeygst.

nú tíð

Bogga **sefur** núna.
Bogga **kemur** oft í heimsókn.
Bogga **skoðar** bók.
Bogga **fer** á morgun.
Bogga **hrýtur** aldrei.

þá tíð

Bogga **svaf** áðan.
Bogga **kom** oft í heimsókn.
Bogga **skoðaði** bók.
Bogga **fór** í gær.
Bogga **hraut** í nótt.

FRÁSÖGN Í NÚTÍÐ

Bogga **leikur** sér í sandinum. Úti á sjónum **eru** nokkrar kænur. Í einni þeirra **sitja** tveir menn með veiðistangir. Afi **þekkir** þessa menn en það **gerir** Bogga ekki.

FRÁSÖGN Í ÞÁTÍÐ

Bogga **lék** sér í sandinum. Úti á sjónum **voru** nokkrar kænur. Í einni þeirra **sátu** tveir menn með veiðistangir. Afi **þekkti** þessa menn en það **gerði** Bogga ekki.

3. Persóna og tala

Sagnorð beygjast eftir persónum og tölu. Það merkir að þær fá mismunandi beygingarendingar eftir því hvaða persóna stendur með þeim og eftir því hvort persónan stendur í eintölu eða fleirtölu.

1. persóna eintala	Ég sef.	Ég borða.	Ég græt.	Ég gleymi.
1. persóna fleirtala	Við sofum.	Við borðum.	Við grátum.	Við gleymum.
2. persóna eintala	Þú sefur.	Þú borðar.	Þú grætur.	Þú gleymir.
2. persóna fleirtala	Þið sofið.	Þið borðið.	Þið grátið.	Þið gleymið.
3. persóna eintala	Hann sefur.	Hann borðar.	Hann grætur.	Hann gleymir.
3. persóna fleirtala	Þeir sofa.	Þeir borða.	Þeir gráta.	Þeir gleyma.

	eintala	fleirtala
1. persóna	Ég hrýt.	Við hrjótum.
2. persóna	Þú hrýtur.	Þið hrjótið.
3. persóna	Hann hrýtur.	Þeir hrjóta.

4. Veikar og sterkar sagnir

Þátíð sagnorða er myndað á mismunandi hátt. Stundum bætist ending við stofninn og stundum er þátíðin aðeins eitt atkvæði og hljóðbreyting á sér stað í stofninum.

Þegar sagnir mynda þátíð í eintölu með því að bæta endingunni **-aði**, **-ði**, **-di** eða **-ti** við stofninn er sagt að þær hafi **veika beygingu**. Þegar sagnir mynda þátíð í eintölu án þess að bæta endingu við stofninn er sagt að þær hafi **sterka beygingu**. Stundum er talað um **veikar** og **sterkar sagnir**.

ending
í þátíð
eintölu

Veikar sagnir

Ég *borðaði* mat.
Ég *horfði* á þig.

hitta – hitti
læra – lærði
ræða – ræddi
smíða – smíðaði
vona – vonaði

engin
ending
í þátíð
eintölu

Sterkar sagnir

Ég *svaf* vel.
Ég *leit* út.

bíta – beit
fara – fór
geta – gat
lesa – las
slíta – sleit

5. Kennimyndir

Sagnir hafa margar beygingarmyndir. Sumar þeirra eru kallaðar **kennimyndir**. Kennimyndir **veikra sagna** eru þrjár, kennimyndir **sterkra sagna** eru fjórar. Kennimyndir eru eins konar vegvísir sem gefur til kynna hvernig allar myndir sagnarinnar eiga að vera.

a) Veikar sagnir

Þátíð sagna sem hafa veika beygingu myndast með beygingarendingunni **-aði**, **-ði**, **-di** eða **-ti**. Kennimyndir þeirra eru þrjár. Beygingin er stundum kölluð **regluleg**.

að ...	ég ... í gær	ég hef ...
hreyfa	hreyfði	hreyft
krydda	kryddaði	kryddað
leiða	leiddi	leitt
sækja	sótti	sótt

Nokkrar veikar sagnir: *baka, elda, elska, fylgja, hafa, hitta, hlusta, læra, mjólka, mynda, þrjóna, skrifa, smíða, sparka, spila, synda, tapa, tefla, vakna, veiða, öskra*

SKOÐAÐU
TEXTANN

SAGNORÐ

Bogga gróf (**grafa**) lengi í sandinum. Holan var (**vera**) mjög djúp. Á botninum sá (**sjá**) Bogga svolítið vatn og ef hún horfði (**horfa**) lengi var (**vera**) eins og eitthvað lægi (**liggja**) á botninum. Hjartað í henni tók (**taka**) kipp þegar lítið auga blikkaði (**blikka**).

Rifjaðu upp

SAGNORÐ

tíð	nú tíð þátíð
tala	eintala fleirtala
persóna	1. persóna 2. persóna 3. persóna
beyging	veik beyging sterk beyging kennimyndir
annað	nafnháttarmerki

b) Sterkar sagnir

Þátíð sagna sem hafa sterka beygingu er aðeins eitt atkvæði. Í stofni sagnanna á sér stað hljóðbreyting. Kennimyndirnar eru fjórar. Beygingin er stundum kölluð **óregluleg**.

að ...	ég ... í gær	við ... í gær	ég hef ...
fara	fór	fórum	farið
hrjóta	hraut	hrutum	hrotið
líta	leit	litum	litið
slíta	sleit	slitum	slitið

Nokkrar sterkar sagnir: *aka, ala, brjóta, detta, drekka, falla, finna, geta, gráta, hlaupa, sofa, taka, vinna, þjóta*

Kennimyndir

fara – fór – fórum – farið

Atkvæðar myndir

farðu farið fóru
fer færi ferð
förum farinn færir

8. ÓBEYGJANLEG ORÐ

* samtengingar * forsetningar * atviksorð * nafnháttarmerki * upphrópanir

Óbeygjanleg orð eru stundum kölluð **smáorð**. Þau hvorki fallbeygjast né tíðbeygjast. Hlutverk þeirra er mismunandi, sum stýra falli, önnur tengja saman orð og setningar.

Fimm orðflokkar tilheyra hópi óbeygjanlegra orða. Þeir eru misstórir og í þeim minnsta er aðeins eitt orð.

9. ATVIKSORÐ

- Atviksorð fallbeygjast ekki.
- Atviksorð tíðbeygjast ekki.
- Örfá atviksorð geta stigbreyst.

Atviksorð standa oftast með sagnorðum, lýsingarorðum eða öðrum atviksorðum.

- **Með sagnorðum:** Hún syngur *vel*. Ég syng *illa*. Þú kemur *oft* í heimsókn.
- **Með lýsingarorðum:** Ég er *mjög* þreytt. Hann er *ákaflega* fallegur.
- **Með öðrum atviksorðum:** Bogga er *þarna úti*.

Atviksorð ákveða nánar **hvar**, **hvernig** og **hvenær** eitthvað er gert eða gerist. Sum atviksorð eru notuð til sérstakrar áherslu, t.d. *mjög*, *sérstaklega*, *ferlega*.

SKOÐAÐU
TEXTANN

ATVIKSORÐ

Hérna leikur Bogga sér stundum í sandinum. Oft er Jón með henni. Henni líður ekki mjög vel einni úti að leika sér við sjóinn. Öldugangurinn getur verið ógurlega mikill og þá er nú gott að hafa vin sinn hjá sér.

Hvar sástu mús? Ég sá hana *hérna*, *þarna*, *inni*, *uppi* og *niðri*. **Hvernig** líður honum? Honum líður *vel*, *illa*, *sæmilega* eða *þokkalega*. **Hvenær** komið þið? Við komum *núna*, *oft*, *aldrei*, *sjaldan* eða *bráðum*.

illa *aðeins* *núna* *hérna* *sæmilega*
bráðum *mjög* *ekki* *ferlega* *hingað* *niðri*
ávallt *sérstaklega* *þokkalega* *oft* *vel*
héðan *þarna* *uppi* *inni* *framvegis*
erlendis

SKOÐAÐU
TEXTANN

ÓBEYGJANLEG ORÐ

Bogga hafði oft séð dýr í sandinum en aldrei áður hafði hún séð svona skrýtið dýr. Þegar það opnaði munninn sást vel að tennurnar voru mjög beittar og tungan áreiðanlega rauðari en paprika. Augun voru frekar smá.

Atviksorð taka engum breytingum, þau hvorki fallbeygjast né tíðbeygjast. Hins vegar geta nokkur atviksorð stigbreyst. Það á t.d. við um orðin *oft*, *vel* og *illa*.

Atviksorð sem stigbreytast

Ég kem hingað **oft**, þú **oftar** og Bogga **oftast**. Þú gerir þetta **vel**, þau gera þetta **betur** en hann **best**. Ég skrifa **illa**, þú skrifar **verr**, hann skrifar **verst**.

10. FORSETNINGAR

Forsetningar hafa það hlutverk að stýra falli á fallorðum. Þær standa oftast á undan fallorðinu og ákvarða hvort það er notað í **polfalli**, **þágufalli** eða **eignarfalli**.

Forsetningar taka engum breytingum, þær fallbeygjast ekki, tíðbeygjast ekki og geta ekki stigbreyst.

- Forsetningar taka engum breytingum.
- Forsetningar stýra falli á fallorðum.
- Forsetningar standa alltaf með fallorði í aukafalli.

– Sumar forsetningar stýra þolfalli:

um hest, **yfir** hest, **undir** hest, **kringum** hest

– Sumar forsetningar stýra þágufalli:

frá hesti, **af** hesti, **undan** hesti, **hjá** hesti

– Sumar forsetningar stýra eignarfalli:

til hests, **án** hests, **vegna** hests

SKOÐAÐU
TEXTANN

FORSETNINGAR

Bogga finnur ekki símann sem hún fékk um daginn í afmælisgjöf frá afa sínum. Hún leitaði undir rúminu, á skrifborðinu og hjá bókunum yfir skápnum. Kannski gleymdi hún honum þegar hún lék sér við Jón.

á,
að, af,
án, ásamt, auk,
eftir, frá, fram, fyrir,
gegnum, handa, hjá, í,
kringum, með, meðal,
milli, til, um, undir,
upp, úr, vegna,
við, yfir



11. SAMTENGINGAR

Samtengingar tengja saman orð, orðasambönd eða setningar. Þær taka engum breytingum, þær fallbeygjast ekki, tíðbeygjast ekki og geta ekki stigbreyst. Algengar samtengingar eru t.d. *en, eða, og, sem, þegar*.

- **Samtengingar taka engum breytingum.**
- **Samtengingar tengja saman orð eða setningar.**

að, eða, ef, en, enda, hvort, nema, og, sem, svo, þegar, þótt

12. NAFNHÁTTARMERKI

Orðflokkurinn **nafnháttarmerki** inniheldur aðeins eitt orð, þ.e. orðið *að*. Það stendur á undan sögn í nafnhætti. Í orðabókum eru sagnorð alltaf skráð í nafnhætti.

Þegar orðið *að* stendur ekki á undan sagnorði í nafnhætti tilheyrir það öðrum orðflokkum.

Dæmi

- að** er nafnháttarmerki: Bogga er **að** gráta.
að er atviksorð: Hvað er **að**?
að er forsetning: Hvað er **að** þér?
að er samtenging: Hún sagði **að** Jón væri farinn.

SKOÐAÐU
TEXTANN

NAFNHÁTTAR- MERKI

Boggu finnst gaman **að** leika sér í sandinum. Skemmtilegast er **að** grafa djúpar holur og reyna **að** fylla þær af sjó. Stundum reynir hún **að** finna smádyr undir steinum.

13. UPPHRÓPANIR

Orðflokkurinn **upphrópanir** er heldur smár.

Orðin sem tilheyra honum lýsa t.d. gleði, undrun, ótta eða hræðslu.

hó ó
hæ uss
nei jú

SKOÐAÐU
TEXTANN

SAMTENGINGAR

Jón og Bogga eru vinir. Bogga á heima í Hafnarfirði en Jón í Svíþjóð. Bogga ætlar að heimsækja Jón **þegar** þau fá sumarleyfi. Þá ætla þau að fara með afa og ömmu í sumarbústað **sem** er við sænska Skerjagarðinn. Þar verða þau í tvær eða þrjár vikur.

SKOÐAÐU
TEXTANN


UPPHRÓPANIR

„Hæ, hæ og hó, hó,“ kallaði Bogga þegar hún kom inn í bústaðinn. „Uss,“ sagði afi, „vertu ekki með þennan hávaða. Amma þín sefur.“ „Æ, æ, ég gleymdi mér,“ sagði Bogga.

FLÆÐIRIT TIL ORÐFLOKKAGREININGAR



SETNINGAFRÆÐI



Setningafræði fjallar um setningar í málinu. Hún fjallar til dæmis um hvernig texti er byggður upp og hvernig orðunum er raðað saman í setningar og málsgreinar.

1. EFNISGREIN

Varla er hægt að lesa blaðsíðu í bók eða blaði án þess að taka eftir því að efni textans er skipt niður með **greinaskilum**. Greinaskil eru sett í textann með línubili eða með því að draga orðin í næstu línu inn um nokkur stafabil.

Efnisgrein er sá texti sem stendur milli greinaskila. Lengd efnisgreina er mismunandi, stundum er efnisgrein mjög stutt, jafnvel aðeins nokkur orð, en oftast er hún nokkrar línur.

Kaflí í bók, frétt í blaði eða sendibréf eru vanalega byggð upp af nokkrum efnisgreinum. Hver efnisgrein er ein heild sem rúmar eina hugsun. Efnisgrein hefur þannig **upphaf**, **miðju** og **endi**. Algengt er að efnisgreinar séu fimm til fimmtán línur. Minna en tvær línur og meira en hálf síða getur tæplega verið í lagi.

2. MÁLSGREIN

Málsgrein hefst á stórum staf og hún endar á punkti eða spurningamerki. Hún getur verið eitt, tvö eða þrjú orð og hún getur líka verið miklu lengri en það.

3. SETNING

Setning er samband orða sem inniheldur að minnsta kosti eitt sagnorð. Í einni málsgrein getur verið ein eða fleiri setningar. Þá eru þær tengdar saman með kommu eða samtengingu.

Þessi texti er þrjár efnisgreinar

Sjórinn er ótrúlega kaldur. Bogga getur ekki hugsað sér að reyna að synda í honum þótt hana langi mikið til þess. Kannski getur hún gert það seinna í sumar.

Á morgun koma gestir í heimsókn. Þeir ætla að gista í nokkrar nætur. Amma er búin að taka allt til og afi fór í bæinn og keypti í matinn. Hann keypti líka alls konar kökur og kek til að hafa með kaffinu. Amma varð mjög glöð þegar hún sá hvað hann hafði keypt.

Boggu langar að vera hér í allt sumar. Hún hefur aldrei skemmt sér svona vel. Góða veðrið kemur öllum í gott skap og það er alltaf eitthvað skemmtilegt við að vera.

Þessi málsgrein er þrjár setningar

Litla dýrið lá þarna í sandinum en Bogga lá á handklæðinu og tók bara alls ekki eftir því.

Þessi efnisgrein er fjórar málsgreinar

Hvar eru allir? Mér leiðist að bíða héma alein allan daginn. Í gær þurfti ég að bíða fram að hádegi eftir að Bogga kæmi með skófluna sína. Núna er klukkan að verða fjögur og það hefur ekki hræða sést á ströndinni.

4. BEIN RÆÐA OG ÓBEIN

Þegar eitthvað er haft orðrétt eftir fólki er notuð **bein ræða**. Þá eru settar gæsalappir í textann til þess að afmarka það sem sagt er. **Óbein ræða** er notuð þegar sagt er frá því sem einhver annar sagði. Þá er ekki endilega allt haft alveg orðrétt eftir fólki en þess gætt að innihaldið komist rétt til skila. Oft þarf að breyta fornöfnum og sagnorðum þegar beinni ræðu er breytt í óbeina.



Sá sem skrifar sögu getur valið milli þess að nota beina ræðu eða óbeina. Með því að láta persónurnar tala sjálfar í stað þess að segja frá því sem þær segja má gæða textann lífi. Algengt er sjá beina ræðu í þjóðsögum. Í fréttatexta er algengara að sjá óbeina ræðu.

Bein ræða:

„Ég er alls ekki hrædd við sandskrímsli,“ sagði Bogga.

Óbein ræða:

Bogga sagði að hún væri alls ekki hrædd við sandskrímsli.

UM ORÐ OG MERKINGU

1. SAMHEITI

Orð með sömu eða svipaða merkingu kallast **samheiti**. Samheiti eru m.a. notuð til að forðast endurtekningar, til að auka fjölbreytni í máli og í ýmsum orðaleikjum.

Þótt orðin kallist samheiti er oft svolítill merkingarmunur á þeim. Þannig eru sum samheiti hátíðlegri, skáldlegri eða neikvæðari en önnur.

samheiti

glaður – kátur
sorgmæddur – dapur
tungl – máni
svangur – hungraður

hátíðlegri samheiti

bók – rit
sjór – mar
sól – sunna
hestur – fákur

neikvæðari samheiti

bíll – drusla
fætur – lappir
hendur – lúkur
höfuð – haus

2. ANDHEITI

Orð sem hafa **gagnstæða** eða **andstæða** merkingu eru kölluð **andheiti**. Andheiti eru oft notuð til að leggja aukna áherslu, til dæmis í lýsingum: „*Þau eru ólík hvort öðru eins og dagur og nótt.*“

Stundum er hægt að búa til andheiti með því að setja ó fyrir framan orð, t.d. *jafnvægi – ójafnvægi, sléttur – ósléttur, kurteis – ókurteis*. Það gengur hins vegar ekki alltaf upp, t.d. er ekki hægt að segja *saddur – ósaddur*.

svartur – hvítur – lífll – stór – saddur – svangur – blautur –
þurr – uppi – niðri – úti – inni – kona – maður – himinn – jörð –
lífandi – dáinn – sumar – vetur – sorg – gleði – ást – hatur

Að hryggjast og gleðjast
hér um fáa daga,
að heilsast og kveðjast,
það er lífsins saga.

Páll J. Árdal

Vöggur karlinn vatnar borg,
Vögg þó flestir gleyma.
Enga gleði enga sorg
á hans líf að geyma

Gestur Pálsson

Sæl og heit er saklaus ást,
sárt er hana að dylja.
Eins og það er sælt að sjást,
sárt er líka að skilja.

Páll Ólafsson

3. HLOTSTÆÐ ORÐ OG ÓHLOTSTÆÐ

Orð sem tákna áþreifanlega hluti, lifandi eða dauða, eru nefnd **hlutstæð orð** eða **hlutlæg**, t.d. *bók, bíll, húfa, rúm, smjör, þota*.


Orð sem tákna óáþreifanlega hluti, fyrirbæri eða tilfinningar eru nefnd **óhlutstæð** eða **huglæg**, t.d. *ást, hatur, kennsla, reiði, sorg, öfund*.

Stundum er erfitt að greina á milli hlutstæðra orða og óhlutstæðra. Hvernig myndir þú t.d. flokka eftirfarandi orð: *draugur, hiti, kuldi, frost, metri, sólskin, fjöldi*?

4. MARGRÆÐ ORÐ

Orð sem hafa fleiri en eina merkingu eru nefnd **margræð**. Það á við um fjölmörg orð í málinu, t.d. *bolli, háls* og *mál*.

- bolli** a) mannsnafnið Bolli
b) bolli til að drekka úr
c) spékoppur í kinn
- háls** a) líkamshluti
b) hæð í landslaginu
c) flöskuháls
- mál** a) tungumál
b) lítið ílát
c) stærð, sbr. að taka mál af einhverju



5. VÍÐTÆK ORÐ OG SÉRTÆK

Orð sem hafa víða merkingu eru kölluð **víðtæk**, t.d. orðin *gróður, menntun* og *rit*. Orð sem hafa þrönga eða afmarkaða merkingu eru kölluð **sértæk**, t.d. *túnfífill, grunnskólamenntun, Finnbjörg*. Sum orð hafa hvorki víðtæka né sértæka merkingu. Stundum ræður samhengi orðanna því hvort þau teljast vera víðtæk eða sértæk.

Dæmi um orð sem raðað er frá hinu víðtæka til hins sértæka:

- a) *jarðarbúi* – *Evrópumaður* – *Íslendingur* – *Vestfirðingur*
b) *planta* – *blóm* – *pottablóm* – *fríðarlilja*
c) *tré* – *barrtré* – *fura* – *dvergfura*



6. MÁLSHÆTTIR OG ORÐTÖK

Málshættir eru stuttar og hnitmiðaðar málsgreinar. Þeir eru sjálfstæðir og skiljast án samhengis. Þeir innihalda oft ljóðstafi og stundum rím. Í þeim er oft líkingamál líkt og í ljóðum.

Málshættir hafa varðveist frá kynslóð til kynslóðar án þess að nokkur viti hverjir höfundar þeirra eru. Þeir fela oft í sér einhver spakmæli, lífsspeki eða boðskap.

Orötök eru að sumu leyti svipuð málsháttum. Þau eru hins vegar ekki sjálfstæð og þurfa samhengi til að merking þeirra skiljist. Orötök eru yfirleitt orðasambönd en ekki fullgerðar setningar.

Nokkrir málshættir	Nokkur orötök
Af annarra fé er hver örlátastur.	Eiga í vök að verjast.
Af máli má manninn þekkja.	Fara fyrir ofan garð og neðan.
Aldrei skyldi seinn maður flýta sér.	Finna einhvern í fjöru.
Allt tekur enda um síðir.	Gera einhverjum bjarmargreiða.
Aumur er öfundlaus maður.	Gera úlfalda úr mýfluggu.
Betra er seint en aldrei.	Hafa mörg járn í eldinum.
Bragð er að þá barnið finnur.	Heltast úr lestinni.
Ekkert stríð, enginn sigur.	Hitta naglann á höfuðið.
Engin rós er án þyrna.	Láta hendur standa fram úr ermum.
Enginn gerir svo öllum líki.	Leggja árar í bát.
Enginn hefur sviða í annars sári.	Leggja höfuðið í bleyti.
Frelsi er fé betra.	Leika við hvern sinn fingur.
Illa gróa gömul sár.	Liggja á glámbekk.
Margt er öðru líkt.	Liggja vel við höggi.
Margur er knár þótt hann sé smár.	Malda í móinn.
Margur geldur góðviljans.	Ruglast í ríminu.
Margur verður af aurum api.	Saga til næsta bæjar.
Morgunstund gefur gull í mund.	Slá slöku við.
Oft er lyginn langorður.	Slá tvær flugur í einu höggi.
Oft kemur skúr eftir skin.	Taka í taumana.
Safnast þegar saman kemur.	Vakna við vandan draum.
Sannleikurinn er sagna bestur.	Vefjast tunga um tönn.
Sá er sæll er sínu ann.	Vera með lífið í lúkunum.

7. MÁLFAR

Vandað og gott málfar þykir flestum eftirsóknarvert. Í mörgum störfum í þjóðfélaginu er beinlínis gerð krafa um slíkt. Þá er ætlast til þess að fólk tali vandað mál og án villna, notaðar séu réttar beygingar og viðeigandi orðaval án erlendra slettna eða orðalags. Sumir líta reyndar svo á að þeir geti tamið sér það málfar sem þá lystir. Ef við hins vegar gætum þess ekki að standa vörð um íslenskt mál og málfar er hætt við því að tungumálið verði að lokum eins og götótt flík sem enginn vill nota.

Þeir sem áhuga hafa á því að vanda mál sitt ættu að gefa gaum að því hvernig orð fallbeygjast, tíðbeygjast, hvað orð merkja og hvernig rétt orðatiltæki eru. Einnig að hlusta eftir hljómfalli orðanna og áherslum og gæta þess að ekki falli niður orðhlutar í framburði. Gott er að hlusta eftir því hvernig aðrir tala og velta því fyrir sér hvað sé vandað og hvað óvandað mál.

Vandað mál	Óvandað mál
– Lokaðu dyrunum.	– Lokaðu hurðinni.
– Ég vil fara.	– Ég vill fara.
– Mig dreymdi þig.	– Ég dreymdi þig.
– Í símanum voru þrenn skilaboð.	– Í símanum voru þrjú skilaboð.
– Hann langar í sund.	– Honum langar í sund.
– Teitur hlakkar til.	– Teit hlakkar til.
– Ég skil þetta ekki.	– Ég er ekki að skilja þetta.
– Hann var laminn.	– Það var lamið hann.
– Hann vantar ýmislegt.	– Honum vantar ýmislegt.
– Ég þekki systur þína.	– Ég þekki systir þína.
– Við hvern ertu að tala?	– Við hvern ertu að tala við?
– Ég var sótt í skólann.	– Það var sótt mig í skólann.
– Ég skrófaði fyrir kranann.	– Ég slökkti á krananum.
– Þekkir þú Önnu Sóleyju?	– Þekkir þú Önnu Sóley?
– Fyrst þú segir það hlýtur það að vera rétt.	– Víst þú segir það hlýtur það að vera rétt.
– Við ætlum að halda þessu áfram.	– Við ætlum að halda þessu áfram.
– Halla leikur á hljóðfæri.	– Halla leikur á hljómfæri.
– Góða helgi.	– Hafðu góða helgi.

Sjaldan er ein báran stök

STAFSETNING

1. STAFSETNINGARREGLUR

Íslensk stafsetning byggist á fáum meginreglum sem aðrar reglur eru síðan byggðar á. Þótt þær nægi ekki einar og sér til að skýra rithátt orða eru þær hentugar til stuðnings í stafsetningunni.




1. Framburðarreglan felst í því að orð eru skrifuð eftir framburði, þ.e. hver bókstafur táknar ákveðið hljóð. Þetta er mikilvæg regla í stafsetningu en hún dugir ekki alltaf til þess að stafsetja orð rétt. Hún er líka háð því að framburður sé vandaður og skýr og því er mikilvægt að æfa hann. Framburðarreglan lærist oftast sjálfkrafa samhliða lestri.



2. Hefðarreglan byggist á venjum sem m.a. eru settar til að samræma rithátt. Sjónminni er mikilvægt til þess að nýta sér hana. Sams konar hefðir eða venjur má finna í stafsetningarreglum allra tungumála þótt þær séu mismunandi. Í þýsku er t.d. farið eftir þeirri venju að skrifa öll nafnorð með stórum staf. Í íslensku er reglan hins vegar sú að sérnöfn eru skrifuð með stórum staf.

3. Upprunareglan leitar uppruna orðsins þótt hann komi ekki alltaf skýrt fram í framburði. Oft má skýra rithátt orða sem hafa y eða með því að vísa til uppruna. Það á t.d. við um orðið *fyrir*. Hægt er að skýra ritháttinn með því að leita uppruna orðsins í dönsku.

4. Orðhlutareglan er mikilvæg regla í stafsetningu. Til þess að geta beitt henni er mikilvægt að skilja orðin, kunna að beygja þau, geta skipt þeim í orðhluta og hafa góða æfingu í að finna skyld orð. Orðhlutareglan felur nefnilega í sér að rót orðsins helst stöðug í stafsetningu þrátt fyrir breytilegan framburð. Stundum eiga sér stað hljóðbreytingar í rótinni.



2. STÓR STAFUR OG LÍTILL

- Aðalreglan um stóra og litla stafi er að sérnöfn eru skrifuð með stórum staf en samnöfn með litlum.
- Stundum koma upp vafaatriði og þá þarf að skoða reglurnar vel.

REGLUR

Um stóran staf

1. Alltaf er skrifaður stór stafur í upphafi málgreinar.
2. Alltaf er skrifaður stór stafur á eftir punkti nema þegar punkturinn er hluti af skammstöfun.
3. Yfirleitt er skrifaður stór stafur á eftir tvípunkti, spurningarmerki eða upphrópun.
4. Skammstafanir fyrirtækja eru skrifaðar með stórum staf: *ÍSAL, SKÝRR*
5. Sérnöfn eru skrifuð með stórum staf. Það á við um:
 - **Mannnöfn og gælunöfn:** *Arndís, Ásgeir, Didda, Geiri, Nonni*
 - **Guða- og goðanöfn:** *Jesús, Óðinn, Týr*
 - **Heiti dýra og hluta, t.d. skipa:** *Snati, Kíkí, Herjólfur*
 - **Örnefni, t.d. landaheiti, staðaheiti, bæjanöfn, nöfn gatna:** *Danmörk, Vík, Hóll, Hlíðarvegur*

- **Nöfn landshluta og heimsálfa:** *Norðurland, Evrópa*
- **Örnefni dregin af samnöfnum:** *Tjörnin* (í Reykjavík), *Pollurinn* (á Ísafirði), *Lónið* (á Seyðisfirði)

- **Stytt staðanöfn:** *Bakkinn* (Eyrarbakki), *Fjörður* (Hafnarfjörður), *Heiðin* (Hellisheiði)
- **Bóka- og blaðaheiti:** *Vítahringur, Fréttablaðið, Séð og heyrt, Vikan*
- **Heiti kvæða og kvikmynda:** *Þar sem háir hólar, Á elleftu stundu*
- **Þjóðaheiti, nöfn á íbúum landshluta:** *Danir, Íslendingar, Norðlendingar, Svarfdælingar, Norðfirðingar*
- **Samsett hátíðanöfn þar sem fyrri liðurinn er sérnafn:** *Jónsmessa, Þorláksmessa*
- **Viðurnefni sem skeytt er framan við sérnafn:** *Bólu-Hjálmar, Grasa-Gudda, Svangi-Mangi*

SKOÐAÐU
TEXTANN

STÓR STAFUR

Bogga á vinkonu á Egilsstöðum. Um jólin birtist viðtal við hana í *Víkunni*. Því fylgdi mynd sem tekin var við *Tjörnina* í Reykjavík. Þar sagði frá ferð hennar um allt **Austurland** á hestbaki með afa sínum. Einnig var minnst á að afinn væri mikill aðdáandi **Íslendingasagna** og héldi mest upp á **Lyga-Mörð**.

Alþingi
Asía
Álftanes
Ásta
Baula
Brekkgata
Búkolla
Egill
Esja
Evrópa
Grund
Heiðmörk
Hlíðarvegur
Hyrna
Kína
Kínverji
Króatía
Laugavegur
Sandgerði
Sámur
Selfyssingur
Sigtún
Sleipnir
Snati
Stóra-Tunga
Suður-Ameríka
Sunnlendingur
Tumi
Týra
Valhöll

REGLUR

Um lítinn staf

1. Viðurnefni eru skrifuð með litlum staf þegar þau koma á eftir sérnafninu:
Ari fróði, Jón lærði
2. Skammstafanir eru skrifaðar með litlum staf: *m.a., o.s.frv., t.d.*
3. Samnöfn eru skrifuð með litlum staf nema í upphafi málsgreina.
Það á við um:

- **Þjóðflokkahreiti og tungumálaheiti:** *indíáni, danska, íslenska*
- **Starfsheiti, titla og embætti:** *kennari, forseti, frú, herra, ráðherra*
- **Nöfn einstakra daga og mánaða:** *laugardagur, júlí, þorri, góa*
- **Námsgreinar:** *náttúrufræði, stærðfræði, enska, íslenska*
- **Nöfn hátíða og tyllidaga:** *aðventa, hvítasunna, jól, páskar, skírdagur, sjómannadagurinn, verslunarmannahelgin*
- **Dýra- og jurtaheiti:** *hundur, köttur, snigill, fifill, sóley, baldursbrá*

Gott
að
vita

Í samsettum heitum fyrirtækja, bóka, verslana, kvikmynda o.fl. er aðeins hafður stór stafur í fyrsta orðinu.

Á næstu grösom, Kossar og ólífur,
Út og suður, Mál og menning, Rokk og rósir

SKOÐAÐU
TEXTANN

LÍTILL STAFUR

Á föstudaginn fór afi í bæinn og keypti í matinn. Hann keypti nautakjöt, pylsur og alls konar grænmeti til að grilla. Í búðinni hitti hann lækni sem var með honum í menntaskóla og bauð honum í mat á sunnudaginn. Hann hitti líka séra Pétur sem er góður vinur hans. Þeir tefla alltaf saman á veturna. Konan hans er frönsk og talar litla íslensku. Hún ræktar rósir í glerhýsi.

aðventa
danska
enska
fifill
frú
góa
gras
handbolti
haust
heimilisfræði
herra
hestur
hundur
hvítasunna
íslenska
jól
köttur
lóa
mánudagur
mjólk
páskar
rjúpa
september
séra
sjór
sjómannadagurinn
slátur
snjór
stærðfræði
sulta
sumar
sunnudagur



3. UM STAFAVÍXL OG NAUÐSYN PESS AÐ GÆTA AÐ STOFNI ORÐA

- Stundum er erfitt að heyra í hvaða röð stafir eiga að vera og þá er hætt við stafavíxl.
- Í sumum orðum heyrir ekki hvort rita á samhljóða eða ekki.
- Í nokkrum sögnum er hætta á að stafur falli niður vegna þess að hann heyrir ekki í framburði.

Til að koma í veg fyrir stafavíxl er gott að finna stofn orðsins eða skylt orð. Vandaður framburður getur einnig auðveldað leitina að rétta rithættinum.

Röð stafanna er alltaf í samræmi við röðina í stofninum.

	vafaorðið	stofninn, skylt orð eða önnur beygingarmynd
NAFNORÐ	barns botns bragðs dags lands morgnar svengd	barn, börn botn, botna bragð, bregða dag, dagur land, landa morgun, morgunn svöng, svangur
LÝSINGAR-ORÐ	margt stærstur ungt útbelgdur	mörg, margur stór, stærð ung, ungur belgur, belgja
SAGNORÐ	fylgdi gegndi hringt rigndi sigldi skefldi negldi tefldi verndi	fylgja, fylgd gegna, gegning, gagn hringja, hringing rigna, rigning sigla, sigling skefla, skafi negla, nagli tefla, tafl vernda, vernd

SKOÐAÐU
TEXTANN

STAFAVÍXL OG STOFN

Suma morgna rigndi og þá þurfti Bogga að vera inni. Hún fann sér alltaf margt að gera. Stundum tefldi hún við afa eða horfði á sjónvarpið. Oft velgdi afi mjólk handa henni sem hún svelgdi í sig. Einu sinni dembdi hún úr stærsta glasinu yfir borðið um leið og síminn hringdi. Þá vissi afi ekki hvað hann átti til bragðs að taka.

4. EINFALDUR EÐA TVÖFALDUR SAMHLJÓÐI

Tvöfaldir samhljóðar eru t.d. bb, dd, gg, kk, ll, mm, nn, pp, rr, ss, tt.

- Algengt er að tveir samhljóðar standi hlið við hlið og er þá talað um **tvöfaldan samhljóða**, t.d. *frammi, hissa, panna og uppi*.
- Stafirnir *ð, j, v* og *þ* standa aldrei saman sem tvöfaldir samhljóðar.
- Oft heyrst ekki í framburði hvort skrifa á einfaldan eða tvöfaldan samhljóða. Þá er gott að skoða rót orðanna.
- Lýsingarorðin *kyrr* og *þurr* og orð sem eru skyld þeim, hafa alltaf tvö *r*.
- Orðin *fram* og *um* hafa alltaf eitt *m*.

REGLUR

1. Þegar **tvöfaldur samhljóði** er í rót orðs eru allar myndir þess skrifaðar með tvöföldum samhljóða. Það á einnig við um afleidd orð:


grynn•a	kenn•a	kepp•a
grunn•t	kenn•di	kapp
grynn•ka	kenn•ari	kepp•andi
grynn•ing	kann•a	kepp•t
grunnn•ur	könn•un	kepp•ti

2. Þegar **einfaldur samhljóði** er í rót orðsins eru allar myndir þess skrifaðar með einföldum samhljóða. Það á einnig við um afleidd orð:

sem•ja	tem•ja	vak•inn
sam•ningur	tem•ur	vak•ning
sam•inn	tam•ning	vak•t
söm•du	tam•di	vek•ja

3. Stundum er **tvöfaldur samhljóði** á undan sams konar samhljóða í samsettum orðum. Þá þarf að gæta þess að einn þeirra falli ekki brott í stafsetningu:

bygg•garður	fimm•menningur	kross•saumur
rass•skella	vall•lendi	þátt•taka



5. SÉRHLJÓÐAR Á UNÐAN NG OG NK

- Gæta þarf vel að rithætti orða með **ng** og **nk** vegna þess að yfirleitt er rithátturinn ekki í samræmi við framburð.
- Algengast er að skrifa **grannan sérhljóða** þótt framburður bendi til þess að skrifaður sé **breiður sérhljóði**.

grannir sérhljóðar
a, e, í, o, u, y, ö

breiðir sérhljóðar
au, á, í, ei, ey, ó, ú, æ

a fyrir á	langur, svangur	u fyrir ú	lunga, tunga
e fyrir ei	drengur, gengur	y fyrir ý	syngja, yngja
i fyrir í	fingur, hringur	ö fyrir au	göng, löng

REGLUR

1. Á undan **ng** og **nk** er skrifaður **grannur sérhljóði** þótt framburður bendi oft til þess að rita eigi breiðan sérhljóða.
banki, dunkur, dynkur, engi, fang, langur, lengi, lyng, spöng, svangur, syngja, tengja, þungur
2. Á undan **ng** og **nk** skal skrifa **ó** og **æ** í samræmi við framburð.
frænka, kóngur, kónguló, sæng, vængur
3. Samsett orð eru skrifuð í samræmi við orðhlutana.
brúnkol (brún+kol), fíngerður (fín+gerður), launkofi (laun+kofi), túngarður (tún+garður)
4. Í fleirtölu þátíðar sagnarinnar *hanga* er skrifað **é** í samræmi við framburð.
héngu, hængju, hængum

Drangey
banka drengur
svangur
lungu hönk
hringur
spöng fangi
peningar
tengi langur
tungl
ungar engill
mengun
dynkur stingur
rangt
fingur þröng
öngull
vinkill skenkja

SKOÐAÐU
TEXTANN

NG OG NK

Bankinn var lokaður svo Boggu seinkaði mikið. Hana vantaði peninga til að kaupa töng fyrir afa. Jón var orðinn svangur. Hann nennti ekki að biða lengur eftir Boggu og ákvað að ganga heim. Þótt pokinn væri þungur kveinkaði hann sér ekki. Hann byrjaði að syngja puluna um svanga Manga sem Inga frænka hans kenndi honum.

Svangi Mangi

Það er strangur gangur fyrir svangan Manga að flytja þang í fangi fram á langa tanga.

6. UM G

- Í sumum orðum og orðmyndum er skrifað **g** þótt það heyrst ekki í framburði.
- Yfirleitt nægir að skoða stofn orðsins, skyld orð eða aðra beygingarmynd til þess að ganga úr skugga um hvort skrifa á **g** eða ekki.

logi	segi	morgnar	ljúga
Hér er skrifað g því það kemur skýrt fram í framburði stofnsins í aukaföllunum:	Hér er skrifað g af því að það kemur skýrt fram í þátíðinni:	Hér er skrifað g því það kemur skýrt fram í framburði stofnsins í eintölunni:	Hér er skrifað g því það kemur skýrt fram í þátíðinni:
um loga	sagði	morgunn	laug

REGLUR

1. g-ið heyrst í aukaföllum

bogi / um *boga* *hagi* / um *haga*
logi / um *loga* *svigi* / um *sviga*

2. g-ið heyrst ef greinirinn er tekinn í burtu

laugin / *laug* *sögin* / *sög*
lögin / *lög* *taugin* / *taug*

3. g-ið heyrst ef orðið er sett í eintölu

hægir / *hægur* *þægir* / *þægur*

4. g-ið heyrst í annarri beygingarmynd

fljúga / *flaug* *beygja* / *beygði*
margt / *margur* *lágt* / *lægra* / *lægð*
segja / *sagði* *þegja* / *þagði* / *þögn*

5. g-in eru jafnmörg og í nafnhættinum

byggja / *byggði* *hugga* / *huggaði*
rugga / *ruggaði* *tyggja* / *tuggði*

SKOÐAÐU
TEXTANN

G

Besti vinur afa heitir **Bogi**.
Hann býr í stóru húsi í
skóginum rétt hjá **lauginni**.
Konan hans heitir **Freyja**. Afí
segir að hún sé mjög **lagin** í
höndunum og kunní
að búa til **margt** fallett.

Athuga
vel

- annað fall
- aðra tölu
- aðra mynd
- skylt orð

Gott
að
vita

Sum orð eru skrifuð með **g**-i þótt það heyrst ekki í framburði. Þau orð verður að leggja á minnið eða leita í orðabækur.

Athugaðu t.d. orðin: *bjúga*, *hrúga*, *klígja*, *krógi*, *plága* og *skógur*.

7. UM J, JE OG É

- Yfirleitt er skrifað **j** í orði ef það heyrir í framburði, annars ekki.
- Nokkrar undantekningar eru á þessari reglu. Þær byggjast aðallega á því hvaða sérhljóð fer á eftir **j**-inu.

REGLUR

Ekki er skrifað **j**:

1. Á eftir sérhljóðunum **í** og **ei** er ekki skrifað **j**:
bleia, kría, kríur, olía, stía, stíur, Svíi, sveia, nía, tíá
2. Á eftir **g** og **k** er ekki skrifað **j** ef sérhljóðarnir **e, i, í, y, ý, ei, ey** eða **æ** eru næst á eftir: *gefa, gæta, kerra, kíma, kunningi, kæti*
3. Ekki er skrifað **j** á eftir **y, ey** eða **æ** ef **i** fer á eftir:
nýir, heyið, bæinn
4. Ekki er skrifað **j** á milli sérhljóða á samskeytum samsettra orða:
hey•anna, ný•ár, Sæ•unn
Undantekning frá þessu er í orðinu *Eyj•ólfur*

REGLUR

Skrifað er **j**:

1. Á eftir **y, æ** og **ey** skal skrifa **j** í ósamsettum orðum ef **a** eða **u** fara næst á eftir.
bæja, bæjum, eyja, eyjum, flækja, flækjum, hlýjan, hlýjum, kunningjar, kunningjum

REGLUR um je og é

1. Yfirleitt er skrifað **é** þótt **je** heyrir í framburði:
ég, fé, félag, fékk, féll, hérað, vér
2. Nöfn bókstafa eru skrifuð með **é**:
bé, dé, gé
3. Skrifað er **je** í fleirtölumynd nokkurra nafnorða sem dregin eru af sögnum, sem enda á **ja**:
byrja – byrjendur, leigja – leigjendur, sækja – sækjendur, syrgja – syrgjendur, þiggja – þiggjendur

Gott
að
vita

nýi – nýja

bæir – bæja

hlýir – hlýjar

kunningi – kunningja

flækir – flækja

segir – segja

nýi
nýja
olíu
heyja
heyi
bæinn
bæja

SKOÐAÐU
TEXTANN

J
Einn daginn fór afi með Eyjólfvi vini sínum og Sóleyju konu hans að heimsækja gamlan kunningja þeirra sem heitir Jens. Hann býr hjá Sæunni dóttur sinni í nýju húsi á einni eyjunni í Skerjagarðinum. Þau voru öll miklir félagar í gamla daga.

8. UM F OG V

- Oftast tákna **f** og **v** ólík hljóð, t.d. í upphafi orða og orðhluta.
- Stundum er erfitt að átta sig á því hvort skrifa á **f** eða **v** þegar hljóðin eru inni í orði.

REGLUR

1. Í upphafi orða og orðliða í samsettum orðum segir framburður til um hvort skrifa skal **f** eða **v**: *fara, vara; kjötverð, sjóferð*
2. Ef hljóðið tilheyrir rótinni er skrifað **f**: *álf•ur, ef•i, erf•iði, haf•a, hverf•a, líf•ga, lof•a*
3. Ef hljóðið tilheyrir ekki rótinni er skrifað **v**: *frjó•vga, glögg•va, hrökk•va, myrk•vi, sljó•vga, stöð•va, sæ•var, Æ•var, æ•vi, æ•vintýri, öl•vaður, ör•va*
4. Til er tvenns konar ritháttur í nokkrum orðum: *Svafa og Svava, máfur og mávur röfl og rövl*
5. Aldrei er skrifað **v** í eftirfarandi orðum: *húfa, lófi, rófa, skrúfa, tófa, þúfa*
6. Orðin *ævi, hvaðanæva, ævinlega* og *ævintýri* eru öll skrifuð með **v**-i svo og orð sem af þeim eru dregin.

SKOÐAÐU TEXTANN

F og V

Bogga bað afa oft að segja sér **ævintýri** um **álfa** og tröll. Einu sinni sagði hann sögu um hjónin **Sævar** og **Eva** sem áttu tvo kálfa. Þeir **hurfu** eina nótt þegar fólkið **svaf**. Þá varð sonurinn á bænum **ævareiður**, setti á sig **húfu** og skó og sást síðan ekki í **hálfan** mánuð. Hann kom til baka með hring í **lófanum** og **lofaði** foreldrum sínum að fara aldrei aftur í burtu. Þetta fannst Boggu ekki vera neitt **ævintýri**.



lófi Eva
rífast auðæfi
kálfur ævintýri
horfinn hverfa hálfur
ævi húfa
Sævar leyfa Tjörvi
lofa arfur afi
sofa

9. UM HV- OG KV-

- Algengast er að orð sem hefjast á **hv-** séu borin fram eins og þau hefjist á **kv-**.
- Sum orð hafa mismunandi merkingu eftir því hvort þau eru skrifuð með **hv-** eða **kv-**.

REGLUR

1. Öll spurnarorð eru skrifuð með **hv**:
hvað, hvaða, hvaðan, hvar, hve, hvenær, hver, hvernig, hversu, hví, hvílikur, hvor, hvort
2. Mörg orð eru skrifuð með **k**-i samkvæmt framburði:
ákveða, kvak, kvein, kveðja og kvarta
3. Stundum getur samanburður við dönsku verið til leiðbeiningar:
hvítur sbr. hvid



Orð með **hv**

- **hvað** spurnarorð
- **hvalir** dýr
- **hvelja** húð
- **hver** spurnarorð, heit uppspretta
- **hviða** vindhviða
- **hvika** hopa, hörfa
- **hví** spurnarorð
- **hvísl** talað lágt

Orð með **kv**

- **kvað** so. að kveða
- **kvalir** þjáningar
- **kvelja** so. að pína
- **kver** lítil bók
- **kviða** hjómkviða
- **kvika** so. hreyfast
- **kví** rétt, byrgi
- **kvísl** vatnsfall, hey- eða ættkvísl

SKOÐAÐU
TEXTANN

HV og KV

Hver ætli eigi bókina, **hvíslaði** Bogga lágt. Forvitnin **kvaldi** hana. Þetta var reyndar varla bók, miklu heldur **kver**, aðeins nokkrar síður skreyttar með myndum af **hvölum** og fiskum. Allt í einu kom mikil **vindhviða**, gluggatjöldin bærðust og **eitthvað kvíkt** hreyfðist í horninu. Bogga **hvikaði** hvergi þótt hræðslan gripi hana. Henni dauðbrá þegar Jón **kvað** allt í einu við raust línur úr þekktu draugalagi.

10. UM GS, KS OG X

- Í sumum orðum er erfitt að greina hvort skrifa á *gs*, *ks* eða *x*.
- Í flestum tilfellum er hægt að ganga úr skugga um það með því að finna stofn orða eða skyld orð.

REGLUR

1. Skrifa skal **gs** ef **g** finnst í stofni eða skyldu orði:
bægslí – bógur, lags – lag, vegs – vegur
2. Skrifa skal **ks** ef **k** finnst í stofni eða skyldu orði:
akstur – aka, tekst – taka.
3. Ef hvorki **g** né **k** finnst í stofni orðsins skal skrifa **x**.



SKOÐAÐU
TEXTANN

GS, KS og X

Bogga vaknaði klukkan sex með mikinn hiksta. Henni tókst ekki að sofna strax aftur, lá bara vakandi og hugsaði um sandskrímlið. Loksins þegar hún sofnaði var alveg að koma dagur. Afí var heldur hneykslaður þegar hún kom grútsyfjuð fram í eldhús á náttbuxunum um hádegi. Hann bauð henni samt ávexti og kex með laxi.

ax
/ axlir / ávextir /
buxur / fax / Faxi / jaxl / kex /
lax / lexía / pex / rex / saxa /
saxar / sex / strax / taxti / texti /
uxi / vax / vaxa / vaxkerti / vaxtarlag /
vextir / vaxtavextir / víxill / víxl / víxla
/ vöxtur / yxna / æxli / æxlun / öxl /
öxull / Öxará / Öxnadalur

1 1. UM N OG NN Í ENDINGUM ORÐA

- Oft er erfitt að heyra hvort skrifa á **n** eða **nn** í endingum orða.
- Hægt er að nota ýmsar hjálparreglur til að finna réttan rithátt.
- Algengustu reglurnar eru kallaðar **minn- og mín-reglan** og **steins-reglan**.



1. Minn og mín-reglan

Greinum er oftast skeytt aftan við nafnorð. Þá er hann kallaður **viðskeyttur greinir**. Hann er ýmist skrifaður með **-n** eða **-nn**.

KARLKYN EINTALA				
nefnifall	maðurinn	glugginn	osturinn	... minn
þolfall	manninn	gluggann	ostinn	... minn
þágufall	manninum	glugganum	ostinum	... mínum
eignarfall	mannsins	gluggans	ostsins	... míns
KARLKYN FLEIRTALA				
nefnifall	mennirnir	gluggarnir	ostarnir	... mínir
þolfall	mennina	gluggana	ostana	... mína
þágufall	mönnum	gluggunum	ostunum	... mínum
eignarfall	mannanna	glugganna	ostanna	... minna

2. Alltaf eru jafnmörg **n** í lausa greinum og viðskeytta greinum.

		<i>eintala</i>		<i>fleirtala</i>	
karlkynsorð	<i>nefnifall</i>	hesturinn	(hinn)	hestarnir	(hinir)
	<i>þolfall</i>	hestinn	(hinn)	hestana	(hina)
	<i>þágufall</i>	hestinum	(hinum)	hestunum	(hinum)
	<i>eignarfall</i>	hestsins	(hins)	hestanna	(hinna)
kvenkynsorð	<i>nefnifall</i>	stúlkan	(hin)	stúlkurnar	(hinar)
	<i>þolfall</i>	stúlkuna	(hina)	stúlkurnar	(hinar)
	<i>þágufall</i>	stúlkunni	(hinni)	stúlkunum	(hinum)
	<i>eignarfall</i>	stúlkunnar	(hinnar)	stúlkanna	(hinna)
hvorugkynsorð	<i>nefnifall</i>	lambið	(hitt)	lömbin	(hin)
	<i>þolfall</i>	lambið	(hitt)	lömbin	(hin)
	<i>þágufall</i>	lambinu	(hinu)	lömbunum	(hinum)
	<i>eignarfall</i>	lambins	(hins)	lambanna	(hinna)

3. Steins-reglan

Karlkynsorð sem enda á **-inn** og **-unn** í nefnifalli eru skrifuð með einu **n**-i í aukaföllum. Alltaf eru jafnmörg **n** í öllum föllum og í orðinu **steinn**.

Greinilegur munur er á orðinu *steinn* í nefnifalli og þolfalli (nf. *steinn* – þf. *stein*). Þessi munur heyrst ekki í orðum eins og *himinn* (um *himin*) og *morgunn* (um *morgun*). Þess vegna er gott að setja orðið *steinn* í stað karlkynsnafnorða sem enda á *-inn* og *-unn*.

hér er **himinn**
um **himin**
Ég sé í heiðan **himin**.

hér er **steinn**
um **stein**
Ég sé í stóran **stein**.

hér er **morgunn**
um **morgun**
Þessi **morgunn** er góður.
Ég settist um miðjan **morgun**.

hér er **steinn**
um **stein**
Þessi **steinn** er góður.
Ég settist um miðjan **stein**.



orð sem enda á **-inn** *arinn, drottinn, himinn, Héðinn, Huginn, Kristinn, Muninn, Óðinn, Reginn, Skarphéðinn, Þórarinn, Þráinn*
orð sem enda á **-unn** *jötunn, morgunn*

	eintala	fleirtala	eintala	fleirtala	eintala	fleirtala	eintala
nefnifall	steinn	steinar	morgunn	morgnar	himinn	himnar	Óðinn
þolfall	stein	steina	morgun	morgna	himin	himna	Óðin
þágufall	steini	steinum	morgni	morgnum	himni	himnum	Óðni
eignarfall	steins	steina	morguns	morgna	himins	himna	Óðins

4. Nokkur nöfn af erlendum uppruna eru skrifuð með einu n-i í öllum föllum:

<i>nf.</i>	Kjartan	Kvaran	Natan	Satan
<i>þf.</i>	Kjartan	Kvaran	Natan	Satan
<i>þgf.</i>	Kjartani	Kvarani	Natani	Satani
<i>ef.</i>	Kjartans	Kvarans	Natans	Satans

5. Valfrjálst er hvort skrifað er *Auðun* eða *Auðunn*.

6. Alltaf eitt n-reglan

- a) Kvenkynsnafnorð sem eru mynduð af stofni sagna með viðskeytinu **-un** eða **-an** eru skrifuð með einu **n**-i:


<i>blessun (að blessa)</i>	<i>bilun (að bila)</i>
<i>hugsun (að hugsa)</i>	<i>mengun (að menga)</i>
<i>skoðun (að skoða)</i>	<i>ritun (að rita)</i>

án greinis

nf. skoðun
pf. skoðun
þgf. skoðun
ef. skoðunar

með greini

skoðunin
skoðunina
skoðuninni
skoðunarinnar



- b) Mörg óbeygjanleg orð enda á **-an**:
áðan, héðan, hvaðan, meðan, neðan, ofan, síðan, sunnan, vestan, þaðan
- c) Oft enda lýsingarorð og fornöfn á **-an**.
allan, engan, gerðan, góðan, háan, langan, ýmsan
- d) Gæta þarf vel að hvort um er að ræða lýsingarorð sem endar á **-an** eða nafnorð með greini sem endar á **-ann**:
brattan (lo.) hallann (no.) kaldan (lo.) klakann (no.) stóran (lo.) pokann (no.)

7. Miskunnarreglan

Orð sem enda á **-kunn** eru skrifuð með **-nn** í öllum föllum eintölu og fleirtölu.
einkunn, forkunn, miskunn, vorkunn

8. Sæunnarreglan

Kvenmannsnöfn mynduð af **unnur** eru skrifuð með **-nn** í öllum föllum.
Dýrunn, lðunn, Jórunn, Steinunn, Sæunn, Þórunn

9. Um n og nn í endingum lýsingarorða

- a) Lýsingarorð sem enda á **-inn** eða **-in** beygjast eins og greinirinn:

<i>nf. fyndinn (hinn) maður</i>	<i>fyndin (hin) kona</i>
<i>þf. fyndinn (hinn) mann</i>	<i>fyndna (hina) konu</i>
<i>þgf. fyndnum (hinum) manni</i>	<i>fyndinni (hinni) konu</i>
<i>ef. fyndins (hins) manns</i>	<i>fyndinnar (hinnar) konu</i>

- b) Orðin **lítill** og **mikill** eru í þolfalli eintölu í karlkyni skrifuð **lítinn** og **mikinn**.
- c) Skrifa skal **enn** (ao.) þegar hægt er að setja **enn þá** í staðinn, annars **en** (st.):
Ekki er enn (enn þá) vítað hvort þau koma um jólin en (st.) það kemur í ljós.

12. UM Y, Ý OG EY

Þegar skýra á rithátt orða með **y**, **ý** og **ey** er yfirleitt gripið til þess að leita til skyldra orða, uppruna eða í beygingar orðanna.

1. Skrifa skal **y** þegar **o**, **u** eða **ju** er í stofni orðsins eða skyldum orðum:
bjuggum – byggji, grunnur – grynri
ofar – yfir, sonur – synir, sund – synda
2. Skrifa skal **ý** þegar **ú**, **jú** eða **jó** er í stofni orðsins eða skyldum orðum:
brú – brýr, fljótur – flýtir, hús – hýsi
ljós – lýsa, ljúka – lýkur
3. Skrifa skal **ey** þegar **au** er í stofni orðsins eða skyldum orðum:
hlaupa – hleypti, kaupa – keypti
rauk – reykur, taug – teygja
4. Sum orð eru skrifuð með **y** vegna þess að svo var gert í fornu máli þótt uppruninn sé ekki ljós: *gys, kynstur, lydda*
5. Í orðum þar sem hljóðskiptin **i – ei – i** koma fyrir er ekki skrifað **y**, **ý**, **ey**:

<i>bíða – beið – biðum – beðið</i>	<i>beiðni, bið, biðja, biðill</i>
<i>grípa – greip – gripum – gripið</i>	<i>greipar, grip, gripur</i>
<i>líta – leit – litum – litið</i>	<i>leit, leita, leitni, litur</i>
<i>síga – seig – sigum – sigið</i>	<i>seigur, sig, siga</i>
<i>skína – skein – skinum – skinið</i>	<i>skeina, sólskin</i>
<i>slíta – sleit – slitum – slitið</i>	<i>slit, slitna, slitur</i>
6. Þegar klofning (**e > ja, jö**) kemur fram í stofni orðs eða skyldum orðum er ekki skrifað **y** heldur **i**: *firðir (fjörður), kilir (kjölur), birta (bjartur), hilla (hjalli), Birna (Björn)*.
7. Stundum leikur vafi á því hvort skrifa eigi **y** í orðum. Þá verður að leita að uppruna orðsins, skyldum orðum í öðrum tungumálum eða fletta upp í orðabók:
byrja (s. börja), dyr (d. dør), eyra (d. øre), sykur (d. sukker).

SKOÐAÐU
TEXTANN

i – y – í – ý –
ei – ey

Bogga beið lengi eftir Jóni. Hana langaði að synda í sjónum en afi leyfði henni aldrei að fara ein í sjóinn. Hún lá í sólinni sem skein beint á andlitið á henni. Samt gleymdi hún sér og sofnaði. Hana dreymdi að hún væri stödd á eyðieyju. Þegar Jón kleip í eyrað á henni teygði hún úr sér. Svo flýtti hún sér á fætur, greip sundskýlu og handklæði þeysti af stað.

SKRÁ YFIR NOKKUR SAMHLJÓÐA ORÐ MEÐ I OG Y, Í OG Ý, EI OG EY

Til er fjöldi orða sem eru samhljóða en hafa mismunandi rithátt eftir merkingu. Eftirfarandi upptalning er ekki tæmandi en gefur þó góða mynd af þessum fjölda:

i
birgja sig upp, birgðir, örbirgð
filla gómfilla, vangafilla
firra fjarri
girða með garði eða girðingu
hilla á vegg, hilla undir, hillingar
il á fæti, ft. iljar
kirkja guðshús
kirtill líffæri, hálskirtill
klif klífa – kleif – klifum, kleifar
list íþrótt, t.d. sönglist
minni gott minni, minning
nit lúsaregg
sin líffæri, t.d. hásin
skin birta, yfirskin
þilja no. bæjarþil.

í
bíður(að bíða
fill spendýr
gígur eldgígur
híði bjarnarhíði
hlít no. til hlítar
klíf af klífa
líkur no. og lo.
líta so. líta – leit – litum
ríf að rífa
ríma saman, rím
síki lækur, skurður
skír hreinn, bjartur, heiðskír
skíra barn
skírsla hreinsun, skírteini
skríða – skreiða
tína e-ð upp
tír frægð, orðstír
þíða no. so. frostleysa, bræða

y
byrgja loka, byrgi, ábyrgjast
fylla fullur
fyrra for, fyrri hluti
gyrða með belti eða gjörð
hylla konung (hollur), aðhyllast
yl ylur, ylja, ylna
kyrkja so. (kverk)
kyrtill flík
klyf baggi, ft. klyfjar, klyfberi
lyst matarlyst, lystigarður
mynni sbr. munnur, fjarðarmynni
nyt ft. nytjar (sbr. not)
syn neitun, synja, nauðsyn
skyn bera skyn á (vit, tilgangur)
þylja so. þula

ý
býður bjóða
fýll fúll (fugl)
gýgur skessa
hýði sbr. húð
hlýt af hljóta
klýf af kljúfa
lýkur að ljúka
lýta sbr. ljótur, lýt af lúta
rýf að rjúfa
rýma sbr. rúm, samrýma, rýma hús
sýki sbr. sjúkur
skýr augljós, greinilegur
skýra útskýra
skýrsla greinargerð
skrýða skrúði
týna tjón
Týr goð, Valtýr, Hjálmtýr
þýða bók, þýður hestur, þýður í lund, sbr. þjóð

ei

eiði grandi, tangi, Eiðar
eikur tré ft. af eik
eira vægja
geima af (himin)geimur
geisa – geisaði – geisað
hreifi á sel, lo. hreifur
kleifur ókleifur, af klífa – kleif
leifa skilja eftir
leiti hæð, hóll, líta – leit, á næsta leiti
neita segja nei
reiður illur
seiða galdra eða töfra
seiði ungur fiskur
sneiða sbr. sníða, brauðsneið
teiga slá, teigur, völlur

ey

eyði auðn
eykur dráttardýr, eykur við sig, sbr. auka
eyra líffæri
geyma so. og no. vatnsgeymir, gaumur
geysast – geystist – geyst, geysast áfram
hreyfi so. að hreyfa, hreyfing
kleyfur kljúfa – klauf
leyfa lofa
leyti jólaleytið, að sumu leyti
neyta njóta – naut
reyður hvalur, silungur
seyða sjóða, sauð, á seyði
seyði soð, súpa seyðið
sneyða svipta, snauður
teyga svolgra, drekka í einum teyg, taug

Gott að vita

Tvenns konar ritháttur

Í örfáum tilvikum er uppruni óljós og rithátturinn valfrjál.

- ábristir / ábrystir
- híbýli / hýbýli
- skríttla / skrýtla
- ítarlega / ýtarlega
- Kípur / Kýpur
- Krísuvík / Krýsuvík
- minta / mynta
- peisa / peysa
- skrímsli / skrýmsli
- skríttinn / skrýttinn

13. EITT ORÐ EÐA TVÖ

- Reglur um eitt og tvö orð geta verið svolítið flóknar.
- Merking orða, venjur og hefðir ráða miklu um það hvort þau eru skrifuð sem samsett orð eða sem orðasamband. Stundum koma upp vafamál.
- Gæta þarf þess vel að slíta ekki í sundur orð sem rita á í einu orði, t.d. *sumarstarf*, *vetrarfatnaður*, *skólabækur*.

REGLUR

Tvö orð

1. Orðasambönd með orðunum **háttur**, **konar**, **kostur**, **kyn**, **megin**, **sinni**, **staður**, **tími**, **vegna** og **vegur** eru yfirleitt skrifuð í tveimur orðum.

háttur: lítils háttar, margs háttar, mikils háttar

konar: alls konar, eins konar, einhvers konar, hvers konar, margs konar

kostur: að minnsta kosti, alls kostar

kyn: alls kyns, hvers kyns, margs kyns

megin: báðum megin, hérna megin, hinum megin, öðrum megin

sinni: einhverju sinni, einu sinni, hverju sinni, nokkru sinni

staður: alls staðar, annars staðar, einhvers staðar, sums staðar

tími: einhvern tíma(nn), nokkurn tíma(nn)

vegna: hvers vegna, þess vegna

vegur: annars vegar, einhvern veginn, engan veginn, hins vegar

2. Ýmis orðasambönd eru skrifuð sem tvö orð: *fram hjá*, *inn í*, *suður í*, *sunnan við*, *út af*, *út undan*, *út frá*, *yfir um*, *eins og*, *enda þótt*, *enn fremur*, *enn þá*
3. Töluorð eru skrifuð aðskilin: *tuttugu* og *átta*, *eitt hundrað* og *sjö*

Eitt orð

1. Gæta þarf þess að skrifa samsett orð ekki sem tvö orð: *skákmót*, *spennusaga*
2. Forskeyti og forliðir eru skrifuð áföst aðalorðhlutanum: *aðalinngangur*, *allsterkur*, *andstæðingur*, *framkoma*, *frammistaða*, *fullgóður*, *háalvarlegur*, *hálflátur*, *jafnheitur*, *langbestur*, *síðastliðinn*
3. Ýmis atviksorð og forsetningar eru mynduð af fallorðum eða hafa myndast við samruna smáorðs og fallorðs. Slík orð eru skrifuð í einu lagi eins og aðrar samsetningar: *aðeins*, *aldrei*, *allsendis*, *alltaf*, *ávallt*, *framvegis*, *gegnum*, *hálfvegis*, *kringum*, *langtum*, *rösklega*, *umhverfis*, *útbyrðis*, *þannig*

14. FORSETNINGARNAR AÐ OG AF

Forsetningarnar **að** og **af** hafa margar mismunandi merkingar og hlutverk. Yfirleitt er skýr merkingarmunur á þeim:

Dæmi

Farðu **af** hliðinu. Hlauptu **að** hliðinu.
Hann grét **af** sársauka. Hvað er **að** honum?

Stundum verður merkingin óljós og þá er hættu á því að orðunum sé ruglað saman. Gott er að reyna að læra utanbókar hvort orðið á við hverju sinni.



SKOÐAÐU
TEXTANN

AÐ og AF

Bogga lagði snemma **af** stað. Hún nennti ekki **að** leita **að** Jóni, hann er heldur ekkert hrifinn **af** því **að** leika sér **að** bolta. Stundum gerir hann grín **að** henni þegar hún kastar boltanum. Hann á eftir **að** súpa seyðið **af** því seinna meir.

að

að fyrra bragði
að gefnu tilefni
gera grín **að** einhverju
huga **að** einhverju
leika sér **að** einhverju
leita **að** einhverjum
raka einhverju **að** sér
þykja gaman **að** einhverju

af

af ásettu ráði
leggja eitthvað **af** mörkum
leggja **af** stað
reyta **af** sér brandarana
súpa seyðið **af** einhverju
vakna **af** svefni
vera hrifinn **af** einhverjum
hafa gaman **af** einhverju

GREINARMERKI



- Greinarmarki eru sett í texta til þess að auðvelda lestur og skilning.
- Sum greinarmarki eru notuð til að auðvelda skilning, önnur eru notuð til að tákna þögn, spurningu eða undrun.
- Gera þarf skýran greinarmun á punkti og broddi yfir stöfum.

1. PUNKTUR

- Punktur er settur á eftir málsgrein ef ekki eru notuð önnur greinarmarki, s.s. spurningamerki, tvípunktur eða upphrópun:
 - ✓ *Hér er úlpan þín. Hvar er úlpan mín?
Þetta er nú eitthvað einkennilegt!*
- Á eftir fyrirsögn er ekki settur punktur.
- Á eftir raðtölu, sem skrifuð er með tölustöfum, á að vera punktur. Ekki er settur punktur á eftir raðtölu ef notuð er bugða. Ekki má gleyma punktinum í dagsetningum:
 - ✓ *Halldór lenti í 1. sæti. 12) Brotabrot.
Lea á afmæli 21. nóvember.*
- Punktur eru notaðir í skammstöfunum. Punktarnir eru alltaf jafnmargir og orðin sem eru skammstöfuð. Ekki er haft bil á eftir punktunum:
 - ✓ *o.fl. (og fleira), t.d. (til dæmis), o.s.frv. (og svo framvegis), s.s. (svo sem)*
- Aldrei eru hafðir tveir punktur í lok málsgreinar þótt hún endi á raðtölu eða skammstöfun:
 - ✓ *Þeir komu þann 28. Við sáum alls konar dýr; kýr, kindur, ketti, hunda o.fl.*
- Ekki er settur punktur á eftir skammstöfunum í mælikerfinu:
 - ✓ *m (metri), km (kílómetri), kg (kíógram,) gr (gramm)*
- Þrír punktur eru notaðir sem merki um úrfellingu úr texta:
 - ✓ *Hún var alein þegar hún vaknaði. Fyrir utan gluggann heyrðist þrusk ...*



2. KOMMA

- Komma er notuð milli orða eða liða í upptalningu:
✓ *Í skápnum eru geymdir bollar, diskar, skálar og glös.*
- Komma er notuð til að afmarka ávarp. Ávarp er ýmist fremst í setningu eða því skotið inn í hana:
✓ *Amma mín, viltu gefa mér pönnuköku? Hættu nú í tölvunni, Bogga mín, og farðu að læra.*
- Komma er notuð til að afmarka innskotssetningu eða innfellda liði. Innskotssetningu og innfellda liði er hægt að strika út úr málsgrein án þess að setningin missi sjálfstæða merkingu:
✓ *Þessi strákur, sem ég sagði þér frá áðan, hringdi í mig í gær. Páll Steinsson, besti vinur hans Geira bróður, lenti í fyrsta sæti á skákmótinu.*

3. TVÍPUNKTUR

- Tvípunktur er settur á undan beinni ræðu ef á undan fara inngangsorð eða inngangsmálsgrein:
✓ *Þá sagði Bogga: „Ég ætla ekki að fara að sofa strax.“*
- Tvípunktur er settur á undan upptalningu sem fer á eftir inngangsorðum:
✓ *Á innkaupalistanum stendur: Mjólk, smjör, brauð, egg, ostur og skyr.*
- Algengast er að á eftir tvípunkti fari stór stafur.

4. GÆSALAPPIR

- Íslenskar gæsalappir hafa fremri gæsalappinnar niðri við línu en þær aftari uppi. Gæsalappinnar líta út eins og 99 og 66.
- Gæsalappir eru notaðar til að afmarka beina ræðu:
✓ *Bogga sagði: „Ég ætla að grafa dýpri holu en þú.“*
- Gæsalappir eru notaðar til að afmarka beina tilvitnun:
✓ *Á miðanum stendur: „Sandskrímsli hafa aldrei sést á þessum slóðum.“*
- Gæsalappir má nota til að afmarka útlensk orð sem notuð eru í íslenskum texta, t.d. slettur:
✓ *Hann er algjör „wannabe“.*

5. SPURNINGARMERKI

- Spurningarmerki er sett á eftir beinni spurningu.
✓ *Hvar er nýja skóflan mín? Hefur þú séð Jón nýlega?*
- Ekki er notað spurningarmerki á eftir óbeinni spurningu:
✓ *Bogga spurði hvort þú þekktir Jón.*

6. UPPHRÓPUNARMERKI

- Upphrópunarmerki er notað til áherslu. Það er sett á eftir einstökum orðum sem í felst upphrópun, t.d. aðvörun, fögnuður, undrun, sársauki eða skipun:
✓ *Halló! Gættu þín! Hættu þessu!
Frábært! Hér ertu þá! Æi! Farðu strax!
Hypjaðu þig burt!*



7. SVIGI OG BUGÐA

- Svigi er t.d. settur utan um skýringu í texta:
✓ *Árið sem fyrsta Bítlaplatan kom út (p.e. 1962) var afi þrettán ára.*
- Bugða er t.d. notuð til að afmarka liði í upptalningu sem eru merktir með tölustöfum eða bókstöfum:
✓ *Ég átti að merkja við eftirfarandi á blaðinu: 1) dollar, 2) pund, 3) evra, 4) króna.*


Margur er knár þótt hann sé smár

8. SKIPTING ORÐA MILLI LÍNA

- Oft er þörf á því að skipta orðum milli lína í texta og gilda um það sérstakar reglur.
- Ef vafi leikur á um hvernig skipta á orði ætti að sleppa skiptingunni og skrifa allt orðið í einni línu.
- **Bandstrikk** (-) er notað til að tákna skiptinguna. Bandstrikið táknar að framhald orðsins komi í næstu línu.

REGLUR

1. Ósamsettum orðum er skipt milli lína þannig að síðari liðurinn hefst á sérhljóði:
glugg-inn, stelp-an, þok-unni
2. Samsettum orðum er skipt milli lína um samskeytin með bandstriki. Þá þarf síðari liðurinn að sjálfsgöðu ekki að byrja á sérhljóði:
fót-bolti, ís-skápur, sjón-varp
3. Þegar orð eru margsamsett ætti að skipta þeim um aðalsamskeytin:
myndmennta-stofa, eldhús-vaskur – ekki mynd-menntastofa, eld-húsvaskur
4. Orðum með forskeyti eða viðskeyti ætti að skipta um samskeytin:
for-vitinn, mis-tökin, ör-uggur
5. Sumum orðum er ekki hægt að skipta milli lína:
ánægja, hérna, ístað, ósætti, úti
6. Aldrei er fluttur einn stafur milli lína eða einn stafur skilinn eftir í línu.



afi / all-lengi / bæj-anna / elda-vél / fjör-ugur / fljót-astur / for-vitni / færsla /
grynntu / ham-ingja / harðna / há-degi / hálf-aður / himn-eskur / Ing-unni /
kosn-ingar / lang-ur / leikni / mamma / Ólaf-ía / pabbi / skips-ins / stóls-ins /
vakn-aði / vöðv-inn / æpa / ör-uggur

SKAMMSTAFANIR



Skammstafanir eru notaðar til þess að stytta texta. Ýmis algeng orðasambönd eru stytt með því að setja einn staf fyrir hvert orð og punkt á eftir. Skammstafanir eru einnig algengar þegar fjallað er um málfræði.

Almennar skammstafanir

<i>alm.</i>	almennur	<i>kl.</i>	klukkan	<i>s.m.</i>	sama mánaðar
<i>alg.</i>	algengur	<i>klst.</i>	klukkustund	<i>sn.</i>	svonefndur
<i>a.m.k.</i>	að minnsta kosti	<i>kr.</i>	króna	<i>s.ó.</i>	svar óskast
<i>ath.</i>	athuga, athugið	<i>m.a.</i>	meðal annars	<i>s.s.</i>	svo sem, sama sem
<i>aths.</i>	athugasemd	<i>m.a.o.</i>	meðal annarra orða	<i>samb.</i>	samþykkt
<i>atr.</i>	atriði	<i>m.a.s.</i>	meira að segja	<i>sign.</i>	undirskrift
<i>bls.</i>	blaðsíða	<i>mgr.</i>	málgrein	<i>skál.</i>	skáletur
<i>b.t.</i>	berist til	<i>m.m.</i>	með meiru	<i>skv.</i>	samkvæmt
<i>dr.</i>	doktor	<i>m.t.t.</i>	með tilliti til	<i>sl.</i>	síðastliðinn
<i>e.h.</i>	eftir hádegi	<i>m.ö.o.</i>	með öðrum orðum	<i>stk.</i>	stykki
<i>e.k.</i>	einhvers konar	<i>mín.</i>	mínúta	<i>sp.</i>	samþykkt
<i>e.Kr.</i>	eftir Krist	<i>n.á.</i>	næsta ár	<i>t.a.m.</i>	til að mynda
<i>erl.</i>	erlendur	<i>nk.</i>	næstkomandi	<i>t.d.</i>	til dæmis
<i>e.t.v.</i>	ef til vill	<i>n.m.</i>	næsta mánaðar	<i>t.h.</i>	til hægri
<i>fél.</i>	félag, félagi	<i>núv.</i>	núverandi	<i>t.v.</i>	til vinstri
<i>fskj.</i>	fylgiskjal	<i>nr.</i>	númer	<i>tbl.</i>	tölublað
<i>f.hl.</i>	fyrri hluti	<i>o.áfr.</i>	og áfram	<i>teg.</i>	tegund
<i>f.Kr.</i>	fyrir Krist	<i>o.fl.</i>	og fleira	<i>till.</i>	tillaga
<i>f.m.</i>	fyrri mánaðar	<i>o.m.fl.</i>	og margt fleira	<i>uppl.</i>	upplýsingar
<i>frh.</i>	framhald	<i>o.s.frv.</i>	og svo framvegis	<i>útg.</i>	útgáfa
<i>fyrnv.</i>	fyrirverandi	<i>o.p.h.</i>	og þess háttar	<i>u.p.b.</i>	um það bil
<i>gr.</i>	grein	<i>s.d.</i>	sama dag	<i>þ. á m.</i>	þar á meðal
<i>hf.</i>	hlutafélag	<i>sbr.</i>	samanber	<i>þ.e.</i>	það er
<i>hl.</i>	hluti	<i>sek.</i>	sekúnda	<i>þ.e.a.s.</i>	það er að segja
<i>hr.</i>	herra	<i>sf.</i>	sameignarfélag	<i>þ.h.</i>	þess háttar
<i>h.u.b.</i>	hér um bil	<i>s.hl.</i>	síðari hluti	<i>þ.m.</i>	þessa mánaðar
<i>höf.</i>	höfundur	<i>sk.</i>	svokallaður	<i>þ.u.l.</i>	því um líkt
<i>íb.</i>	íbúi	<i>skv.</i>	samkvæmt	<i>þýð.</i>	þýðandi
<i>ísl.</i>	íslenskur	<i>o.p.l.</i>	og því um líkt		

Skammstafanir í málfræði

<i>afn.</i>	afturbeygt fornafn
<i>ao.</i>	atviksorð
<i>áfn.</i>	ábendingarfornafn
<i>ef.</i>	eignarfall
<i>efn.</i>	eignarfornafn
<i>e.st.</i>	efsta stig
<i>et.</i>	eintala
<i>fn.</i>	fornafn
<i>frb.</i>	framburður
<i>fs.</i>	forsetning
<i>fst.</i>	frumstig
<i>ft.</i>	fleirtala
<i>gr.</i>	greinir
<i>hk.</i>	hvorugkyn
<i>kk.</i>	karlkyn
<i>km.</i>	kennimynd
<i>kvk.</i>	kvenkyn
<i>lh.</i>	lýsingarháttur
<i>lo.</i>	lýsingarorð
<i>mst.</i>	miðstig
<i>nf.</i>	nefnifall
<i>nh.</i>	nafnháttur
<i>nhm.</i>	nafnháttarmerki
<i>no.</i>	nafnorð
<i>nt.</i>	nútið
<i>ófn.</i>	óákveðið fornafn
<i>p.</i>	persóna
<i>pfn.</i>	persónufornafn
<i>s.b.</i>	sterk beyging
<i>sfn.</i>	spurnarfornafn
<i>so.</i>	sagnorð
<i>st.</i>	samtenging
<i>st.s.</i>	sterk sögn
<i>tö.</i>	töluorð
<i>uh.</i>	upphrópun
<i>v.b.</i>	veik beyging
<i>v.s.</i>	veik sögn
<i>þf.</i>	þolfall
<i>þgf.</i>	þágufall
<i>þt.</i>	þátíð

Nokkur heilræði við ritun og stafsetningu

Fáum er það til lista lagt að skrifa vandaðan og réttan texta án þess að æfa sig og prófa sig áfram.

Eftirfarandi heilræði er alltaf gott að hafa í huga:

1. Lestu mikið, helst eitthvað á hverjum degi.
2. Vandaðu framburð þinn.
3. Skrifaðu sem oftast alls konar texta, t.d. sendibréf, tölvupóst, dagbók eða annað sem þér dettur í hug.
4. Vandaðu skriftina þína og gættu þess að hún sé læsileg. Hafðu kommur fyrir ofan stafi greinilegar sem og muninn á stórum og litlum stöfum.
5. Flettu upp í orðabókum eða í orðasöfnum á Netinu ef þú ert í vafa um rithátt orðs.
6. Safnaðu óvenjulegum orðum, t.d. í litla stílabók.
7. Lestu textann þinn yfir upphátt. Þannig heyrir þú gjarnan ef orðalagið er ekki í lagi.
8. Notaðu villuleitarforrit þegar þú skrifar textann í tölvu. Gættu þess þó að hæfileikar forritsins eru takmarkaðir.

SKILGREININGAR

aðalfall	Nefnifall fallorða. Í orðabókum eru öll fallorð skráð í nefnifalli.
afleidd orð	Orð sem leidd eru af öðrum orðum með <i>viðskeyti</i> , <i>forskeyti</i> eða <i>hljóðbreytingu</i> .
andheiti	Andheiti orðs er það orð sem hefur gagnstæða merkingu. Andheitið af orðinu <i>stór</i> er <i>lítill</i> .
atkvæði	Framburðareining sem inniheldur alltaf eitt sérhljóð og getur einnig haft eitt eða fleiri samhljóð. Orðið <i>hús</i> hefur eitt atkvæði en <i>húsið</i> tvö.
atviksorð	Einn af orðflokkunum fimm sem tilheyra óbeygjanlegum orðum. Algeng atviksorð eru t.d. <i>vel</i> , <i>illa</i> , <i>ekki</i> , <i>aldrei</i> .
aukafall	Öll önnur föll en aðalfallið, þ.e. <i>þófall</i> , <i>þágufall</i> eða <i>eignarfall</i> .
bein ræða	Þegar tekið er orðrétt upp það sem einhver segir. Bein ræða er afmörkuð með gæsalöppum.
beygingarending	Orðhluti sem bætt er við stofn orðs til að mynda mismunandi beygingarmyndir þess. Dæmi: <i>hús•inu</i> .
breiðir sérhljóðar	Þeir bókstafir sem notaðir eru til að tákna tvíhljóðin <i>au</i> , <i>ei</i> (<i>ey</i>), <i>æ</i> , <i>ó</i> , <i>á</i> og <i>í</i> (<i>ý</i>), <i>ú</i> eru oft kallaðir breiðir sérhljóðar.
efnisgrein	Safn málsgreina sem mynda efnislega heild í texta. Efnisgreinar eru afmarkaðar með greinaskilum í rituðu máli.
efsta stig	Flest lýsingarorð hafa þrjú mismunandi stig, þ.e. <i>frumstig</i> , <i>miðstig</i> og <i>efsta stig</i> , sbr. <i>stór</i> , <i>stærri</i> , <i>stærstur</i> .
fallbeyging	Fallorð geta beygst í fjórum mismunandi föllum. Þau kallast <i>nefnifall</i> , <i>þófall</i> , <i>þágufall</i> og <i>eignarfall</i> .
fallorð	Orð sem geta fallbeygst. Fimm orðflokkar tilheyra fallorðum, þ.e. <i>nafnorð</i> , <i>lýsingarorð</i> , <i>fornöfn</i> , <i>töluorð</i> , <i>greinir</i> .
fallstjórn	Orð sem geta stýrt aukafalli fallorða eru sögð hafa <i>fallstjórn</i> . Þau eru stundum kölluð fallvaldar. Forsetningar eru alltaf <i>fallvaldar</i> .
fornöfn	Einn af fimm flokkum fallorða er kallaður <i>fornöfn</i> . Þau beygjast í kyni, tölu og falli. Undirflokkar fornafna eru <i>ábendingarfornöfn</i> , <i>spurnarfornöfn</i> , <i>afturbeygt fornafn</i> , <i>persónufornöfn</i> , <i>óákveðin fornöfn</i> .
forsetningar	Einn af fimm flokkum óbeygjanlegra orða. Forsetningar standa alltaf með fallorði í aukafalli. Algengar forsetningar eru <i>um</i> , <i>frá</i> , <i>til</i> .
forskeyti	Orðhluti sem skeytt er framan á orð til þess að mynda ný orð. Algeng forskeyti eru <i>and-</i> , <i>for-</i> , <i>mis-</i> .
frumtala	Töluorð sem tákna tölur eru kallaðar frumtölur. Dæmi: <i>einn</i> , <i>tveir</i> , <i>þrettán</i> .



frumstig	Lýsingarorð hafa þrjú stig; <i>frumstig</i> , <i>miðstig</i> og <i>efsta stig</i> . Uppflettimynd lýsingarorða er alltaf í frumstigi.
grannir sérhljóðar	Einhljóðin <i>i</i> (<i>y</i>), <i>e</i> , <i>u</i> , <i>ö</i> , <i>o</i> , <i>a</i> eru stundum sögð heita <i>grannir sérhljóðar</i> .
greinir	Einn af fimm flokkum fallorða kallast <i>greinir</i> . Greinir er notaður til að gera nafnorð ákveðin. Hann er oftast notaður viðskeyttur og kallast þá <i>viðskeyttur greinir</i> . Dæmi: strákur• <i>inn</i> , tölv• <i>an</i> .
hljóðbreyting	Tiltekið sérhljóð í orði breytist í annað skv. ákveðnum reglum. Helstu hljóðbreytingar kallast <i>hljóðvarp</i> , <i>hljóðskipti</i> , <i>klofning</i> .
huglæg orð	Orð sem hafa huglæga merkingu og eru óápreifanleg. Dæmi um slík orð eru <i>ást</i> , <i>einkunn</i> , <i>gleði</i> .
hlutstæð orð	Orð sem hafa hlutlæga merkingu og eru ápreifanleg. Dæmi um slík orð eru <i>epli</i> , <i>glas</i> , <i>penni</i> .
kenniföll	Þau þrjú föll nafnorða sem gefa bestu mynd af beygingu þeirra, þ.e. <i>nefnifall eintölu</i> , <i>eignarfall eintölu</i> og <i>nefnifall fleirtölu</i> . Í orðabókum eru endingar orðanna yfirleitt sýndar. Þannig væru kenniföll orðsins <i>hestur</i> skráð <i>hestur</i> , <i>-s</i> , <i>-ar</i> .
kennimyndir	Þær beygingarmyndir sagna sem hægt er að draga aðrar myndar af kallast <i>kennimyndir</i> . Kennimyndir <i>sterkra sagna</i> eru fjórar en kennimyndir <i>veikra sagna</i> eru þrjár. Dæmi um sterka sögn: <i>lesa</i> – <i>las</i> – <i>lásur</i> – <i>lesið</i> . Dæmi um veika sögn: <i>skrifa</i> – <i>skrifaði</i> – <i>skrifað</i> .
kyn orða	Kyn orða eru þrjú; <i>karlkyn</i> , <i>kvenkyn</i> og <i>hvorugkyn</i> . Nafnorð hafa fast kyn, það merkir að þau eru alltaf í sama kyni. Lýsingarorð hafa hins vegar ekki fast kyn. Þegar þau standa með nafnorði fá þau sama kyn og það.
laus greinir	Einn af fimm flokkum fallorða. Stendur með lýsingarorði og nafnorði. Dæmi: <i>Hinn fróði maður</i> , <i>hin fróða kona</i> .
lýsingarorð	Einn af fimm flokkum fallorða. Þau fallbeygjast og beygjast í kyni og tölu. Flest lýsingarorð stigbreytast. Dæmi: <i>hvítur</i> , <i>kaldur</i> , <i>kátur</i> .
lýsingarháttur	Beygingarmynd sagnorða.
margræð orð	Orð sem hafa fleiri en eina merkingu eru nefnd <i>margræð</i> . Dæmi um margræð orð: <i>bolli</i> , <i>háls</i> , <i>ketill</i> .
málsgrein	Hver málsgrein inniheldur a.m.k. eina setningu. Málsgrein hefst á stórum staf og endar á punkti.
málsháttur	Fullgerð málsgrein. Felur oft í sér ákveðna lífsspeki eða almenn sannindi. Dæmi: <i>Barnið vex en brókin ekki</i> .

miðstig	Eitt af þremur stigum lýsingarorða. Hin heita <i>frumstig</i> og <i>efsta stig</i> .
nafnháttarmerki	Orðið <i>að</i> er kallað <i>nafnháttarmerki</i> þegar það stendur með sögn í nafnhætti. Það tilheyrir flokki óbeygjanlegra orða.
nafnháttur	Sú mynd af sagnorði sem birt er í orðabókum, þ.e. <i>uppflettimynd</i> sagnorða.
nafnorð	Einn af fimm orðflokkunum sem tilheyra fallorðum. Nafnorð fallbeygjast og geta bætt við sig greini. Þeim er skipt í <i>samnöfn</i> og <i>sérnöfn</i> . Sérnöfn bæta sjaldan við sig greini.
nútið	Sú mynd sagnorða sem notuð er til að tákna það sem ekki er liðið.
nýmerking	Þegar gömul orð í málinu fá nýja merkingu eru þau kölluð <i>nýmerking</i> . Dæmi: <i>þæla</i> , <i>sími</i> , <i>skjár</i> .
nýyrði	Orð sem hefur verið myndað til að tákna hlut eða hugtak sem ekki var til áður. Dæmi: <i>tónhlaða</i> , <i>tölva</i> , <i>þyrta</i> .
orðhluti	Minnsta eining í gerð orðs sem hefur ákveðið hlutverk eða merkingu. Orðhlutar eru <i>forskeyti</i> , <i>rót</i> , <i>viðskeyti</i> og <i>beygingarending</i> . Dæmi: <i>for•mað•ur•inn</i>
orðtak	Fast orðasamband sem þarf að vera í ákveðnu samhengi til þess að merking þess skiljist. Dæmi: <i>að heltast úr lestinni</i> , <i>að vera allar bjargar bannaðar</i> .
óbeygjanleg orð	Orð sem hvorki fallbeygjast né tíðbeygjast. Fimm orðflokkar tilheyra flokki óbeygjanlegra orða, þ.e. <i>samtengingar</i> , <i>forsetningar</i> , <i>atviksorð</i> , <i>nafnháttarmerki</i> , <i>upphrópun</i> .
óbein ræða	Þegar haft er óbeint eftir einhverjum það sem hann hefur sagt í stað þess að segja það orðrétt.
óhlutstæð orð	Orð sem tákna óáþreifanlega hluti, fyrirbæri eða tilfinningar. Dæmi: <i>ást</i> , <i>kuldi</i> , <i>sorg</i> .
ósamsett orð	Orð sem hefur eina rót. Dæmi: <i>hús</i> , <i>ís</i> , <i>ljós</i> .
persóna	Sagnir hafa mismunandi form eftir því hvort þær eiga við 1. persónu, 2. persónu eða 3. persónu í eintölu eða fleirtölu. Dæmi: <i>ég les</i> , <i>þú lest</i> , <i>þeir lesa</i> , <i>við lesum</i> , <i>þið lesið</i> , <i>þeir lesa</i> .
raðtala	Töluorð sem tákna röð eru kölluð raðtölur. Dæmi: <i>þriðji</i> , <i>þrettándi</i> , <i>þritugasti</i> .
rót	Sá hluti orðs sem er sameiginlegur öllum skyldum orðum. Orð sem hafa sömu rót eru kölluð <i>skyld</i> orð. Samsett orð hafa fleiri en eina rót.
sagnorð	Orð sem beygjast í tíð, þ.e. <i>nútið</i> eða <i>þátíð</i> , kallast sagnorð eða sögn.
sambeyging	Þegar fallorð standa hlið við hlið og beygjast saman er sagt að þau sambeygist.
samheiti	Orð með sömu eða svipaða merkingu kallast samheiti. Dæmi: <i>hestur</i> – <i>fákur</i> .
samhljóð	Samhljóðin eru: <i>b</i> , <i>d</i> , <i>ð</i> , <i>f</i> , <i>g</i> , <i>h</i> , <i>j</i> , <i>k</i> , <i>l</i> , <i>m</i> , <i>n</i> , <i>p</i> , <i>r</i> , <i>s</i> , <i>t</i> , <i>v</i> , <i>x</i> , <i>þ</i> .
samnafn	Samnöfn eru sameiginleg heiti á hlutum eða fyrirbærum. Þau eru skrifuð með litlum stöfum og við þau má bæta greini.
samsett orð	Orð sem hafa fleiri en eina rót. Dæmi: <i>lyklaborð</i> , <i>skólataska</i> , <i>tölvuleikur</i> .

samtenging	Einn af fimm flokkum óbeygjanlegra orða. Samtengingar tengja saman orð eða setningar. Algengar samtengingar eru t.d. <i>og, eða, en</i> .
setning	Orðasamband sem hefur eina sögn. Setningar innihalda oftast fleiri orð en eina sögn.
sérhljóð	Sérhljóðin eru: <i>a, e, í (y) í (ý) o, u, ú, ö, ei, ey, æ, au, á, ó</i> .
sérnafn	Sémöfn eru nöfn eða heiti einstaklinga, hluta eða fyrirbæra. Þau eru skrifuð með stórum staf, eru oftast notuð í eintölu og bæta sjaldan við sig greini.
sértæk orð	Orð sem hafa þrönga eða afmarkaða merkingu eru kölluð <i>sértæk</i> .
skyld orð	Orð sem hafa sömu rót.
slangur	Orð sem ekki hafa fengið almenna viðurkenningu í málinu. Oft orð af erlendum uppruna. Stundum eru þessi orð kölluð <i>slettur</i> .
sterk beyging nafnorða	Þegar nafnorð endar á samhljóði í fallbeygingu er beygingin kölluð sterk. Dæmi um nafnorð með sterkri beygingu: <i>finger, hestur, mynd</i>
sterk beyging sagna	Sagnir sem hafa fjórar kennimyndir eru sagðar hafa <i>sterka beygingu</i> . Þá er þátíð 1. persónu eintölu eitt atkvæði. Dæmi: <i>lesa – ég las</i> .
stofn	Orð getur haft mismunandi beygingarmyndir en ákveðinn hluti þess helst samt stöðugur í allri beygingu. Sá hluti er kallaður stofn.
tíð	Sagnorð hafa tvær tíðir; <i>nú tíð</i> og <i>þátíð</i> . Dæmi: <i>ég les, ég las</i> .
tala	Tölur orða eru tvær; <i>eintala</i> og <i>fleirtala</i> . Fallorð og sagnorð hafa yfirleitt mismunandi myndir eftir því hvort þau standa í eintölu eða fleirtölu.
töluorð	Einn af fimm flokkum fallorða. Töluorð eru ýmist <i>frumtölur</i> eða <i>raðtölur</i> .
tökuorð	Nýyrði sem fengin eru að láni úr öðrum tungumálum. Dæmi: <i>bill, orgel, rúta</i> .
tvíhljóð	Tvíhljóð eru samsett úr tveimur einhljóðum: <i>au (ö+i), á (a+ú), ei/ey (e+i), ó (o+ú), æ (a+i)</i>
uppflettimynd	Sú mynd orða sem notuð er í orðabókum.
upphrópun	Einn af fimm flokkum óbeygjanlegra orða. Dæmi: <i>á, uss, æ</i> .
veik beyging nafnorða	Þegar nafnorð endar á sérhljóði öllum föllum eintölu er beygingin kölluð <i>veik</i> . Dæmi um orð með veikri beygingu: <i>bolli, plata, tölva</i>
veik beyging sagnorða	Sagnir sem hafa þrjár kennimyndir eru sagðar hafa <i>veika beygingu</i> . Þá er þátíð 1. persónu mynduð með viðskeyti og hefur fleiri en eitt atkvæði.
viðskeyti	Orðhluti sem skeytt er aftan við rót til þess að mynda ný orð. Algeng viðskeyti eru t.d. <i>-ari</i> og <i>-lingur</i> .
viðskeyttur greinir	Þegar greini er skeytt aftan við nafnorð til að gera það ákveðið er hann kallaður <i>viðskeyttur</i> .
víðtæk orð	Orð sem hafa víða eða breiða merkingu eru kölluð <i>víðtæk</i> .
þátíð	Sú tíð sagnorða sem er notuð til að tákna það sem er liðið

Stuðningsrit

Auglýsing um íslenska stafsetningu. Stjórnartíðindi B, 132/1974, með innfelldum breytingum skv. auglýsingu nr. 261/1977.

Árni Þórðarson og Gunnar Guðmundsson. 1981. *Kennslubók í stafsetningu.* Niunda útgáfa. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók.* Orðabók Háskólans, Reykjavík.

Björn Guðfinnsson. 1958. *Íslensk málfræði handa grunnskólum og framhaldsskólum.* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Halldór Halldórsson. 2001. *Stafsetningarorðabók.* Fimmta útgáfa. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði.* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Inga Þórunn Halldórsdóttir og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 1999. *Orðalind.* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Jón Hilmar Jónsson. 1994. *Orðastaður.* Orðabók um íslenska málnotkun. Mál og menning, Reykjavík.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2001. *Málfinnur, lítil bók um málfræði og stafsetningu.* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2003. *Skriffinnur, lítil málfræðibók.* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Finnbjörg er lítil bók um málfærði og stafsetningu. Hún er einkum ætluð til íslenskukennslu á miðstigi grunnskóla. Í bókinni er fjallað um helstu reglur og hugtök sem nemendur þurfa að kunna skil á og þau útskýrð með dæmum. Bókin er aðgengileg og útskýrir flókna hluti á einfaldan hátt. Hún er prýdd fjölda teikninga eftir Ingimar Ó. Waage.

Finnbjörg hentar vel í einstaklingsmiðaðri kennslu þar sem lögð er áhersla á sveigjanleika og sjálfstæð vinnubrögð.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir hefur skrifað námsefni í íslensku um árabíl.